

SKÓLAR OG MENNTUN Í FREMSTU RÖÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði

Framtíðarsýn og aðgerðaáætlun verkefnastjórnar

„Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði“ er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 sem er fjármagnað m.a. af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast úrvinnslu og framkvæmd sóknaráætlunarinnar og bera ábyrgð á framgangi þeirra verkefna sem falla undir hana.

Verkefnastjórn Skóla og menntunar í fremstu röð:

Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar, formaður

Ásgerður Halldórsdóttir, bærarstjóri Seltjarnarness

Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar

Björn Þráinn Þórðarson, fræðslustjóri Mosfellsbæjar

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti

Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Verkefnastjóri: Skúli Helgason

Útgefið af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, mars 2014.



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sammælast um að gera menntamál að sameiginlegu forgangsverkefni sínu til ársins 2020. Ráðstöfun fjármagns, stefnumörkun og aðgerðir taka mið af þeirri forgangs röðun. Megin markmið er að höfuðborgarsvæðið skipi sér í hóp þeirra svæða á Norðurlöndum, sem ná bestum árangri í skólastarfi.



1. Aukið samstarf í menntamálum

1.1. Sameiginlegar áherslur höfuðborgarsvæðisins í skólamálum

Mótaðar verði sameiginlegar áherslur höfuðborgarsvæðisins í skólamálum á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), með það að markmiði að auka gæði skólastarfs, auka þjónustu við nemendur, bæta árangur og líðan nemenda, efla samstarf foreldra og skóla og gera kennslu að eftirsóknarverðum starfsvettvangi, með áherslu á fagmennsku, virðingu og góð starfskjör.

1.2. Skólamálanefnd og skólamálafulltrúi SSH

Stofnuð verði skólamálanefnd Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og skipaður skólamálafulltrúi SSH til að hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra aðgerða sem hér eru boðaðar og sameiginlegra áherslna SSH í skólamálum á komandi árum. Skólamálafulltrúi hafi m.a. umsjón með eftirfylgni aðgerðaáætlunar SSH í menntamálum þar með talið reglulegt mat á árangri, í samráði við fræðslustjóra og formenn skólanefnda hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Skólamálafulltrúi verði jafnframt tengiliður SSH við skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, háskólasamfélagið, mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðila vinnumarkaðarins og samtök kennara, skólastjórnenda, foreldra og nemenda .

1.3 Aukið vægi foreldrastarfs í skólum

Skólamálanefnd SSH setji á fót þróunarverkefni um aukið samstarf skóla og foreldra með það að markmiði að auka vægi og virkni foreldra í skólastarfi, leita leiða til að draga úr kostnaði foreldra við skóla- og frístundastarf barna sinna og tryggja aukið samráð borgar- og bæjaryfirvalda við foreldra í málefnum sem varða stefnumótun og framkvæmd skólamála á höfuðborgarsvæðinu.

2. Læsi og lesskilningur

2.1. Stórbættur árangur í lestri

Eitt meginmarkmið SSH í skólamálum verði að allur þorri nemenda á höfuðborgarsvæðinu geti lesið sér til gagns fyrir lok 3. bekkjar.

Litið verði á læsi sem ferli allt frá máltöku til ritlistar á háskólastigi. Því mun SSH í samvinnu við önnur stjórnvöld setja markmið um árangur í lestri og læsi fyrir allan aldur, frá leikskóla, öll stig grunnskólans og framhaldsskóla.

2.2. Þróunarverkefni um eflingu læsi og lesskilnings

Lagt er til að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu móti og hrandi í framkvæmd sameiginlegu þróunarverkefni til að bæta læsi og lesskilning nemenda og leiti m.a. eftir samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, sérfræðinga í læsi og lestrarkennslu m.a. á menntavísindasviði Háskóla Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, og samtök foreldra. Stefnt verði að bættu læsi nemenda með markvissri málrækt og málörvun **allra** barna í leikskólum, markvissri lestrarkennslu á fyrstu árum grunnskóla og mikilli lesþjálfun allt til loka grunnskólans og virkri beitingu læsis í framhaldsskólum. Einn liður verkefnisins verði að gera úttekt á inntaki menntunar kennara og sérkennara með tilliti til lestrarkennslu. Þá verði gerð rannsókn á þeim aðferðum sem beitt er við lestrarkennslu í skólum á höfuðborgarsvæðinu og skoðuð áhrif þeirra á árangur nemenda. Um verði að ræða verkefni sem standi til ársins 2020 og verði reglulegt mat á árangri verkefnisins.

Markmið verkefnisins verði m.a. að 90% barna í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu hafi náð skilgreindum viðmiðum lesskimunar fyrir lok 2. bekkjar og allur þorri barna geti lesið sér til gagns fyrir lok 3. bekkjar. Stefnt verði að því að öll sveitarfélög á svæðinu noti samræmda aðferðafræði við lesskimun í 2. bekk.

Áhersla verði lögð á aukið samstarf leikskóla og grunnskóla með aðkomu annarra skólastiga, samtaka foreldra, háskólasamfélagsins og menningarstofnana á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega verði augin áhersla á kerfisbundna les- og málþroskaskimun og snemmtæka íhlutun meðal leikskólabarna.

2.3. Klasaskólar í læsi og lestrarkennslu

Efnt verði til samstarfs um sérstaka klasaskóla á höfuðborgarsvæðinu í læsi og lestrarkennslu í tengslum við þróunarverkefni um eflingu læsis. Lögð verði áhersla á samstarf allra skólastiga við myndun klasa, frá leikskólum til háskóla.

2.4. Árangursríkar aðferðir við lestrarkennslu

Leitað verði eftir samstarfi við sérfræðinga í lestrarkennslu barna um að veita ráðgjöf til kennara á leikskólum og grunnskólum um árangursríkar aðferðir til eflingar máls og lestrarkennslu, með tilliti til mismunandi hópa nemenda.

3. Kennsla í fremstu röð

3.1. Stuðningur við faglegt skólastarf

Hlúð verði að faglegu starfi í skólum á höfuðborgarsvæðinu með raunhæfum stuðningi við kennara. Áhersla verði lögð á fyrsta flokks kennslu og náð samstarf kennara og skólastjórnenda um skipulag og inntak náms og kennslu. Hvatt verði til víðtækra starfendarannsókna kennara, undir handleiðslu reyndra sérfræðinga á kennslu – og starfsháttum í skólum á höfuðborgarsvæðinu, með það fyrir augum að auka fagmennsku og gæði menntunar á svæðinu. Lögð verður áhersla á að fylgt verði ákvæðum laga um gæðamat á öllum skólastigum. Stefnt verði að auknum sveigjanleika í ráðstöfun á vinnu kennara til að skapa aukið svigrúm fyrir fjölbreytta starfshætti í skólum.

3.1.1. Aukin virðing kennarastarfsins

Efnt verði til samstarfs við Kennarasamband Íslands um mótun aðgerða til að auka virðingu kennarastarfsins og gera kennslu að eftirsóknarverðum starfsvettvangi, samhliða bættum kjörum kennara og aðbúnaði í skólum. Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir sem efla fagmennsku, hæfni og starfsgleði kennara með markvissri starfsþróun. Jafnframt verði leitað fjölbreyttra leiða til stuðnings og leiðsagnar við kennara, t.d. með því að efla starfendarannsóknir.

3.1.2. Fagleg forysta skólastjórnenda

Aukin áhersla verði lögð á að efla skólastjórnendur sem faglega leiðtoga skólastarfsins, m.a. með því að gera þeim kleift að auka samstarf og stuðning við kennara um framþróun kennsluhátta með árangur allra nemenda að leiðarljósi. Áhersla verði lögð á að efla leiðtogahæfni stjórnenda með fræðslu, vinnustofum og markvissum starfsþróunarverkefnum. Sérstaklega verði hugað að skilgreiningum á faglegum hæfiskröfum skólastjórnenda.



3.2. Skýrari markmiðssetning og eftirfylgni kennslu

Efnt verði til samráðs við Kennarasamband Íslands um hvernig megi aukna markmiðssetningu og eftirfylgni í kennslu í grunnskólum, ekki síst á unglingastigi. Áhersla verði lögð á að auka nemendamiðaða kennslu, virkni og frumkvæði nemenda, s.s. í hópavinnu við lausn verkefna, í samræmi við niðurstöður samanburðarkönnunar TALIS og fyrirbyggjandi rannsókna á kennsluháttum.

3.3. Mat á árangri kennsluaðferða

Leitað verði eftir samstarfi við skólastjórnendur og kennara um mat á árangri af kennsluaðferðum í skólum og endurskoðun þeirra með tilliti til árangurs nemenda. Sérfræðingar í háskólasamfélaginu verði fengnir til að veita ráðgjöf um matsaðferðir og árangursríka kennsluhætti, sérstaklega með tilliti til mismunandi hópa, þar á meðal nemenda með hegðunar- eða námserfiðleika, einhverfu eða önnur þroskafrávik og nemenda af erlendum uppruna.

3.4. Unnin verði innihaldsgreining prófa í grunn- og framhaldsskólum

Gerð verði innihaldsgreining á prófum í grunnskólum og framhaldsskólum á Íslandi, þar sem fram komi mat á því hve mikil áhersla er lögð á prófun staðreyndaþekkingar og hve mikil á skilning og yfirfærslu þekkingar.

3.5. Aukin gæði í grunnmenntun kennara

Gerð verði óháð rannsókn á gæðum kennaramenntunar á Íslandi með aðstoð sérfræðinga, með sérstakri áherslu á það hvernig menntunin nýtist á vettvangi. Markmið úttektar verði að fá greinargott yfirlit um styrkleika og veikleika í undirbúningi kennaranema til að takast á við fjölbreyttar þarfir nemendahópsins með það að markmiði að þjálfa kennaranema í beitingu árangursríkra kennsluhátta. Í rannsókninni verði m.a. greint hvaða áhersla er lögð á list- og verkgreinar í kennaranámi, skapandi kennsluaðferðir, teymisvinnu, foreldrasamstarf, notkun

upplýsingatækni, nemendur með sérþarfir o.fl. Leitað verði leiða til að efla starfsþjálfun kennaranema og kennara sem eru ungir í starfi, þjálfar þá m.a. í að greina námsvanda fljótt og auðveldlega og byggja upp færni í kennslu þar sem beitt er ólíkum aðferðum og tækni.

Sérstaklega verði kannaður grundvöllur fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um markvissa starfsþjálfun og rannsóknir kennaranema.

3.6. Aðgerðaáætlun um starfsþróun kennara

Skólamálanefnd SSH móti aðgerðaáætlun í samráði við *Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara* um eflingu símenntunar og starfsþróunar kennara, aukið framboð á símenntun og skilvirka nýtingu þess¹. Sérstaklega verði hugað að því hvernig auka megir hlutfall þeirra kennara sem afla sér framhaldsmenntunar og fjölga tækifærum kennara og skólastjórnenda til að sinna símenntun samhliða vinnu og á starfstíma skóla.

4. Nemendamiðaður skóli

4.1. Bættur námsárangur á grunni metnaðarfullra hæfnimarkmiða

Bæta þarf færni nemenda sem eflir bóklæsi, stærðfræðilæsi og náttúrufræðilæsi. Skólum á höfuðborgarsvæðinu verði falið að leita leiða til að bæta kennslu og árangur í þessum undirstöðugreinum. Leiðirnar verði settar fram í útfærðum hæfnimarkmiðum sbr. aðalnámskrá grunnskóla.

Stefnt verði að miðlun á árangursríkustu leiðum milli skóla og sveitarfélaga, t.d. í gegnum klasaskóla og samráðsvettvang skóla, sveitarfélaga og háskólasamfélagsins.

4.2. Samhæfing sérfræðiþjónustu við nemendur á höfuðborgarsvæðinu

Gerð verði úttekt á kostum þess og göllum að samhæfa sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna við nemendur á höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri úttekt verði horft til þess að sérfræðiþjónusta við nemendur með námserfiðleika, félagslegan eða sálrænan vanda sem og þjónusta við bráðgera nemendur standi framhaldsskólanemum til boða rétt eins og grunnskólanemum.

¹ Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara er sameiginlegur vettvangur mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og háskóla sem skipuleggja kennaramenntun.

4.3. Aukin nýting upplýsingatækni í námi

Mótuð verði og hrint í framkvæmd aðgerðaáætlun um aukna nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi með það fyrir augum að glæða áhuga nemenda, virkja sjálfstæði þeirra og sköpunarkraft.

4.4. Aukið valfrelsi og frumkvæði nemenda

Lögð verði aukin áhersla á sjálfræði og ábyrgð nemenda við val á viðfangsefnum og vinnuaðferðum í námi á öllum skólastigum. Sérstaklega verði stefnt að aukinni virkni og frumkvæði nemenda í gegnum skapandi skólastarf. Ræktuð verði frumkvöðlafærni nemenda með því að virkja sköpunarkraft og framkvæmdagleði á grunni staðgóðrar þekkingar, færni og leikni í náttúruvísindum, tækni, listum og stærðfræði (STEAM).

4.5. Aukið vægi verklegs náms í grunnskólum

Leitast verið við að fjölga þeim sem velja verknám í framhaldsskóla, m.a. með reglubundnum starfskynningum og öflugri námsráðgjöf í grunnskólum. Aukin áhersla verði lögð á verklegt nám og verkefnavinnu í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, í auknu samstarfi við atvinnulífið t.d. í smiðjum þar sem nemendum gefst kostur á hagnýtri þjálfun í verklegum vinnubrögðum undir handleiðslu fagmanna. Sérstaklega verði skoðað í samráði við menntamálaráðuneyti og aðila vinnumarkaðarins hvort fýsilegt sé að gefa nemendum í efstu bekkjum grunnskóla kost á því á að hefja starfsnám í 9.-10. bekk til að flýta útskrift og minnka brotthvarf.

4.6. Mat á framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms

Rannsókn verði gerð á framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, virkni og sjálfræði nemenda um nám sitt og framvindu þess.





1. Aukið samstarf í menntamálum

Gildi menntunar fyrir einstakling og samfélag

Gæði skólastarfs hefur ekki einungis áhrif á framtíðarhorfur nemenda heldur jafnframt á sköpunarkraft og hagþróun samfélagsins alls².

Menntunarstig hefur verið notað sem mælikvarði á mannauð og færni einstaklingsins. Hærra menntunarstig hefur þannig verið tengt aukinni atvinnuþátttöku, betri atvinnutækifærum og hærri launum. Ávinningur samfélagsins af aukinni menntun er aukin hagsæld, ekki síst nú þegar samfélög þróast í auknum mæli frá fjöldaframleiðslu yfir í þekkingarhagkerfi³.

Í öllum löndum OECD hækka laun með aukinni menntun. Launabilið milli langskólamenntaðra og þeirra sem hafa litla formlega menntun hefur verið að aukast að undanfögnu. Munur á launum milli háskólamenntaðra og þeirra sem hafa litla menntun var 90% árið 2011 en var 75% árið 2008. Þetta launabil eykst svo með hækkandi aldri⁴. Niðurstöður rannsóknar sem Bandalag háskólamanna lét vinna á arðsemi menntunar á Íslandi leiddu í ljós að einstaklingur með menntun á framhaldsskólastigi hefur 28% hærri ævitekjur heldur en sá sem hefur eingöngu grunnskólamenntun. Einstaklingur með menntun á háskólastigi getur að sama skapi vænst 88% hærri tekna en sá sem er eingöngu með grunnskólamenntun.⁵

Ávinningur einstaklingsins af aukinni menntun er umtalsverður en ávinningur samfélagsins er ennþá meiri skv. gögnum OECD í formi hærri skatttekna og hagvaxtar. Hreinn fjárhagslegur ávinningur samfélagsins af fjárfestingu í háskólamenntun karla er um 12 milljónir króna að meðaltali innan OECD og 7,2 milljónir króna í tilviki kvenna. Ávinningurinn er þannig að meðaltali tvöfalt til þrefalt hærri en fjárfesting samfélagsins í menntun einstaklingsins⁶.

² McKinsey & Company, 2007, bls. 111

³ OECD, 2013, bls. 26

⁴ OECD, 2013, bls. 13-14; 100

⁵ Eyjólfur Sigurðsson, 2011, bls. 1

⁶ OECD, 2013, bls. 126

Útgjöld til menntamála hér á landi hafa yfirleitt verið talin há þegar litið er til þeirra sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF). Árið 2010 voru útgjöldin 7,7% af VLF en voru 7,9% árið 2008. Meðal OECD ríkjanna var hlutfallið hæst í Danmörku og Ísland kom þar næst á eftir.⁷

Útgjöld til menntamála á Íslandi eru þó breytileg eftir skólastigum og hlutfallslegt vægi skólastiga er með allt öðrum hætti en í helstu samanburðarlöndum. Þannig voru útgjöld á nemanda í grunnskólum á Íslandi 22% yfir meðaltali Norðurlanda árið 2010 og þau áttundu hæstu af 33 ríkjum OECD⁸, útgjöld á hvern framhaldsskólanema voru hins vegar 16% undir meðaltali OECD (Ísland í 22. sæti af 33 ríkjum) og enn lægri eða 21% undir meðaltali í tilviki háskólanema (Ísland í 25. sæti af 31 ríki). Ísland sker sig úr hvað varðar þessa hlutfallslegu skiptingu fjármuna til menntamála: - Hvergi innan OECD finnast önnur dæmi þess að framlög á hvern nemanda í grunnskólum séu hærri en framlög á hvern nemanda í framhaldsskólum og háskólum.⁹ Lágt hlutfall vinnutíma grunnskólakennara fer í kennslu á Íslandi – 34% samanborið við 51% innan OECD. Laun kennara hérlandis eru 26% lægri en á Norðurlöndunum að meðaltali.¹⁰

Menntun hefur áhrif á atvinnuþátttöku. Að meðaltali er atvinnuleysi þrefalt hærra innan OECD meðal þeirra sem ekki hafa lokið framhaldsskóla heldur en háskólamenntaðra.¹¹ Á Íslandi er atvinnuþátttaka meðal háskólamenntaðra um 90%, á atvinnuleysisskrá eru 5%. Meðal þjóða OECD hefur bilið milli háskólamenntaðra og þeirra sem bara hafa lokið grunnskólaprófi aukist í kreppunni. Þar hefur, fjölgun atvinnulausra verið margfalt meiri meðal lítið menntaðra en háskólamenntaðra – atvinnuleysi jókst um 3,8 prósentustig frá 2008 til 2011 í fyrrnefnda hópnum en einungis um 1,5 prósentustig meðal háskólamenntaðra. Áhrif menntunar á atvinnuleysi eru sérstaklega mikil meðal ungs fólks – á aldrinum 25-34 ára. Í þeim aldurshópi var atvinnuleysið 18,1% hjá þeim sem höfðu litla menntun en einungis 6,8% meðal háskólamenntaðra.¹²

⁷ OECD, 2013, bls. 182-184

⁸ Hér ber að hafa í huga að á Íslandi eru margir fámennir grunnskólar þar sem nemendahópar eru mjög litlir.

⁹ OECD, 2013, bls. 166

¹⁰ Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi, 2013, bls. 133-135

¹¹ OECD, 2013, bls. 74

¹² OECD, 2013, bls. 13

Menntakerfi í fremstu röð

McKinsey & Company lét vinna greiningu á því hvað einkenni skólakerfi í heiminum sem náð hafa að bæta verulega námsárangur og viðhalda framförum til lengri tíma. Skýrslan byggir á greiningu á 575 inngripum í 20 mismunandi skólakerfum í fimm heimsálfum. Þau má í grófum dráttum flokka í tvennt: Annars vegar menntakerfi þar sem námsárangur tók stöðugum framförum í a.m.k. fimm ár og hins vegar menntakerfi þjóða þar sem umbótaferli hefur staðið fremur stutt yfir en hefur þó skilað miklum árangri í 2-3 ár hið minnsta.¹³ Greiningin leiðir í ljós að hægt er að ná marktækum framförum á tiltölulega skömmum tíma eða innan við sex árum. Það sem hrindir umbótaferli úr vör er venjulega eitt af eftirtöldum atriðum eða blanda þeirra:

- a) afleiðingar pólitískrar eða efnahagslegrar kreppu;
- b) ný greining háttsettra aðila með gagnrýni á núverandi ástand og frammistöðu kerfisins;
- c) áhrif frá nýjum pólitískum eða faglegum leiðtoga, sem er tilbúinn að ýta umbótaferli úr vör og hafa yfirumsjón með því.

Þó er ekki nægilegt að hefja umbótaferli. Mikilvægast af öllu er að tryggja að framfarirnar verði varanlegar. Þar virðast þrjú atriði vega þyngst:

- að til staðar sé sérstakur samstarfsvettvangur milli skóla og stjórnvalda sem hefur með höndum umsjón umbótaaðgerðanna, þjónustu við skólana, boðskipti skóla og stjórnvalda og samþættingu og miðlun árangursríkra aðferða milli skóla;
- að kennsluhættir og starfsmenning í skólum byggji á samstarfi og samvinnu,
- að fyrir hendi sé stöðugleiki forystu um breytingaferlið.¹⁴

Stjórnvöld sem vilja bæta menntun þurfa að taka mið af skólakerfum þar sem aðstæður hafa verið sambærilegar fremur en að einblína á þau menntakerfi sem eru efst á listanum. Samkvæmt þessu ættum við Íslendingar að líta til landa sem voru jafnfætis okkur fyrir t.d. 5 eða 10 árum í alþjóðlegum mælingum en hafa síðan tekið umtalsverðum framförum hvað varðar námsárangur nemenda.

¹³ McKinsey & Company, 2010, bls. 11

¹⁴ McKinsey & Company, 2010, bls. 18-22;73

Meginniðurstöður McKinsey skýrslunnar eru að fremstu menntakerfi heims eigi það sammerkt að á fyrstu stigum umbótaferils hafi verið lögð áhersla á að bæta námsárangur með miðlægum aðgerðum sem skapi stöðugleika í kerfinu og dragi úr mun á milli nemenda og skóla, m.ö.o. auka jöfnuð milli nemenda í kerfinu með það fyrir augum að allir nemendur öðlist tiltekna lágmarksfærni og þekkingu. Síðan þegar nokkur árangur hefur náðst færist áherslan yfir á kennsluaðferðir og vinnubrögð og þá er það fagfólkið sjálft í skólunum sem hefur meira að segja um útfærslu aðgerðanna.¹⁵ Starfspróun kennara og skólastjórnenda er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að auka sjálfsforræði þeirra við mótun skólaumbóta og þá einkum í formi faglegs samstarfs kennara um mótun og þróun kennsluhátta, námskrár og gagnkvæma miðlun og raunprófun árangursríkra vinnubragða.¹⁶

Mikilvægi foreldra í skólastarfi

Áherslan á samstarf skóla og foreldra hefur farið vaxandi í hinum vestræna heimi enda almennt viðurkennt að foreldrar eru fyrstu leiðbeinendur barna sinna og þeir sem lengst nýtur við.¹⁷ Benda má á að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lítur á þátttöku foreldra í skólastarfi sem mikilvæga vísbendingu um gæði skólastarfs.¹⁸ Hér á landi má meðal annars merkja aukið vægi foreldrasamstarfs í lögum um grunnskóla frá 2008 þar sem hugtakið foreldrar kemur næstum þrefalt oft fyrir en í eldri grunnskólalögum frá 1995.¹⁹

Með samstarfi skóla og foreldra er átt við að foreldrar, barn og fagfólk skóla (einkum umsjónarkennarinn) vinni saman að fyrirfram gefnu markmiði í skilgreindan tíma. Þeir sammælast um að byggja á þekkingu og styrkleikum hvers annars, með það að leiðarljósi að finna saman leið til að tryggja velferð barnsins. Einnig getur samstarf foreldra og skóla snúist um hagsmuni nemendahóps eða skólans.

Helsta skýringin á aukinni áherslu á samstarf foreldra og skóla er sú að ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á mikil áhrif foreldra á námsárangur og velferð barna þeirra í skólanum. Einkum eru þessi áhrif mikil á yngstu börnin, en eru að einhverju leyti til staðar alla skólagönguna. Enda þótt mikil tengsl séu á milli félagsstöðu, menntunar og heilsufars foreldra og árangurs barna þeirra sýnir viðamikil alþjóðleg rannsókn að það sem hefur mest áhrif á námsárangur, líðan og hegðun barna í skólanum er hvernig foreldrar gegna hlutverki sínu heima fyrir. Umræðan á heimilinu

¹⁵ McKinsey & Company, 2010, bls. 111

¹⁶ McKinsey & Company, 2010, bls. 44

¹⁷ OECD, 2012

¹⁸ Desforges og Abouchaar, 2003, bls. 7

¹⁹ Lög um grunnskóla nr.91/2008 og Lög um grunnskóla nr.66/1995.

um nám, skólastarf og menntun almennt, áhugi foreldranna á námi barnsins, væntingar til þess, stuðningur og hvatning eru þættir sem taldir eru hafa veruleg áhrif.²⁰ Nýleg rannsókn John Hatties á 800 safngreiningum²¹ um helstu áhrifaþætti námsárangurs leiðir í ljós að jákvæðar og hvetjandi væntingar foreldra fyrir hönd barna sinna séu sá áhrifaþáttur innan heimilis sem mest áhrif á námsárangur, meiri en t.d. félags- og efnahagsleg staða foreldra, aðstoð og eftirlit þeirra með heimanámi barna sinna, agareglur o.s.frv.²²

Gildi og viðhorf foreldra hafa rík áhrif á það hvernig börn þeirra tileinka sér nemendahlutverkið. Þátttaka foreldra í atburðum sem tengjast skólanum og samstarf um stjórnun hans getur einnig haft jákvæð áhrif enda hefur skólastarfið fleiri markmið en að auka námsárangur t.d. það að efla lýðræði, byggja upp skólabrag, auka öryggi nemenda og stuðla að forvörnum svo eitthvað sé nefnt.

Með því að koma fram við foreldra sem mikilvæga samstarfsmenn geta kennarar lagt mikið af mörkum til þess að umræðan á heimilum um skólann og námið verði meiri og jákvæðari. Því verður ekki á móti mælt að skólinn skipar stóran sess í lífi allra barna, bæði námslega og félagslega. Það er barninu því afar dýrmætt þegar skólinn og foreldrar mynda sameiginlegt stuðningslið. Forsendur alls samstarfs eru gagnkvæmt traust og virðing. Þess vegna er mikilvægt að skólinn leggi sig fram um að ávinna sér traust og virðingu um leið og hann sýnir öllum fjölskyldum skólasamfélagsins virðingu. Á sama hátt er mikilvægt að allir foreldrar sýni skólanum virðingu, ekki vegna þess að skólinn þurfi á henni að halda, heldur til að börn þeirra, nemendur skólans finni að foreldrarnir treysti skólanum.

Inntak samstarfs foreldra og skóla er upplýsingar, samræða og sameiginleg ákvarðanatataka. Skólinn veitir foreldrum upplýsingar um nám og samskipti barnsins á fjölbreyttan hátt. Jafnframt veita foreldrar skólanum upplýsingar sem varða velferð barnsins. Margir telja að samræðan sé mikilvægasti þátturinn í öllu samstarfi. Hún felur í sér umræður um það sem snýr að nemandanum og skólastarfinu. Sérstaklega er mikilvægt að foreldrar upplifi að starfsfólk skólans hlusti á þá og að viðhorf þeirra skipti máli.²³

²⁰ Desforges og Abouchaar, 2003

²¹ Þýðing á enska orðinu „meta-analysis“.

²² Hattie, 2009, bls. 70.

²³ Nanna Kristín Christiansen, 2014.

Aukið vægi foreldrastarfs í skólum

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu geta lagt sitt af mörkum til aukins samstarfs foreldra og skóla á svæðinu. Forsvarsmenn Landssamtakanna Heimilis og skóla hafa haft frumkvæði að samræðufundum foreldra og bæjaryfirvalda í einstökum sveitarfélögum og nefna má verkefnið *Grunnstoðir* þar sem bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa átt reglulega fundi með fulltrúum í svæðaráði foreldrafélaga í grunnskólum bæjarins um skólamál, aðkomu foreldra, tiltekin umbótaverkefni í skólunum o.fl. Í Reykjavíkurborg heldur úti efnismikilum foreldravef sem hefur að markmiði að styðja við foreldra og efla þá sem virka þátttakendur í starfi og námi barna sinna.²⁴ Á vefnum má m.a. finna hagnýt ráð um hvernig best megi stuðla að velferð barnsins í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi, ráð um hvernig fylgjast megi með skólastarfinu, styðja barnið í námi og undirbúa sig fyrir foreldraviðtöl. Vefurinn var unninn í samstarfi við foreldra og sérfræðinga í foreldrasamstarfi.

Lagt er til að Skólamálanefnd SSH setji á fót þróunarverkefni um foreldrasamstarf í skólum, með það að markmiði að auka vægi og virkni foreldra í skólastarfi, leita leiða til að draga úr kostnaði foreldra við skóla- og frístundastarf barna sinna og tryggja aukið samráð bæjaryfirvalda á höfuðborgarsvæðinu við foreldra í skólamálum.

2. Læsi og lesskilningur


Niðurstöður PISA rannsókna fyrir höfuðborgarsvæðið

Lesskilningur og læsi á stærðfræði og náttúrufræði hefur verið metið í PISA rannsókn OECD á þriggja ára fresti frá árinu 2000 og taka yfir 80% allra nemenda í 10. bekk þátt hér á landi. Lesskilningur er lykilfærni sem lagt er mat á í PISA. Samkvæmt skýrslu sem Vísar rannsóknir tóku saman fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa niðurstöður mælinga á lesskilningi 15 ára nemenda í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sýnt mikinn stöðugleika undanfarinn áratug, líkt og í sveitarfélögum í Danmörku og Noregi af svipaðri stærð. Það er ekki skýr neikvæð þróun á lesskilningi í neinu sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu en í Mosfellsbæ má sjá merki um jákvæðustu þróunina undanfarinn áratug.

²⁴ Slóð foreldravefjarins er: <http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4576>.



Þróun lesskilnings og læsis frá 2000 til 2012

Í mynd 1.1 er lesskilningur í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði borinn saman við lesskilning í sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum sem hafa 15-100 þúsund íbúa.



Mynd 1. Þróun lesskilnings í sveitarfélögum með 15-100 þúsund íbúa á Norðurlöndunum

Það eru vissulega sveiflur í lesskilningi milli árganga í flestum sveitarfélögum. Staðan 2012 er samt sem áður mjög svipuð og 2003 á þeim þremur sviðum læsis sem könnunin nær til. Árið 2000 var staðan þó áberandi betri en hin fjögur árin (2003, 2006, 2009 og 2012). Það er ekki í takt við þróunina í landinu í heild því á mörgum öðrum svæðum hefur lesskilningi og læsi farið nokkuð stöðugt aftur milli mælinga. Í Svíþjóð og Finnlandi fer lesskilningi og læsi verulega aftur í sveitarfélögum af sömu stærð og á höfuðborgarsvæðinu en er stöðugt í Danmörku og Noregi.





Mynd 2. Þróun lesskilnings í sveitarfélögum með 3-15 þúsund íbúa á Norðurlöndunum

Í mynd 2 er lesskilningur í Garðabæ, á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ borinn saman við lesskilning í sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum sem hafa 3-15 þúsund íbúa frá 2000 til 2012. Á Seltjarnarnesi hefur lesskilningur verið mjög stöðugur í fjórum mælingum frá 2003 til 2012, alveg við meðaltal OECD sem er 500 stig. Þessi þróun er mjög svipuð og í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku og Noregi. Í Garðabæ hefur lesskilningur sveiflast mjög á tímabilinu frá 2000 til 2012 en er í upphaf og lok þess jafn mikill. Í lok tímabilsins er lesskilningur sá sami og í sambærilegum sveitarfélögum í Finnlandi, um 20 stigum yfir meðaltali Norðurlandanna og OECD. Í Mosfellsbæ hefur lesskilningur aukist verulega frá 2003, um rúmlega 20 stig, eða sem nemur hálfu skólaári.

Þróun stærðfræðilæsis frá 2003-2012

Læsi 15 ára nemenda á stærðfræði hefur verið metið frá 2003 og þá var staðan almennt sterkari en 2006 til 2012 í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Garðabæ og Mosfellsbæ þar sem hún er sú sama milli 2003 og 2012. Læsi á stærðfræði er almennt betra en læsi á náttúrufræði á höfuðborgarsvæðinu og á landinu öllu.







Mynd 3. Þróun á læsi á stærðfræði í sveitarfélögum með 15-100 þúsund íbúa á Norðurlöndunum

Í mynd 3 er stærðfræðilæsi í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði borið saman við stærðfræðilæsi í sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum sem hafa 15-100 þúsund íbúa frá 2003 til 2012. Í þessum sveitarfélögum hefur dregið úr læsi á stærðfræði á tímabilinu um u.þ.b. 20 stig, eða hálft skólaár. Í Reykjavík og í Kópavogi er þróun stærðfræðilæsis einnig neikvæð, það dregur úr því framan af en er svo stöðugt. Það fylgir sömu

þróun og er í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku. Staðan í Hafnarfirði er oftast lægri en í Reykjavík og Kópavogi og fyrir neðan meðaltal sambærilegra sveitarfélaga á Norðurlöndum. Þróunin þar er einna líkust því sem gerist í Svíþjóð, í upphafi og við lok tímabilsins er staðan jöfn og þar, árið 2012 um 15-18 stigum undir meðaltali Norðurlandanna og OECD.





Mynd 4. Þróun á læsi á stærðfræði í sveitarfélögum með 3-15 þúsund íbúa á Norðurlöndunum

Í Mynd 4 er stærðfræðilæsi í Garðabæ, á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ borið saman við stærðfræðilæsi í sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum sem hafa 3-15 þúsund íbúa frá 2003 til 2012. Í Garðabæ sveiflast meðaltal stærðfræðilæsis mjög mikið milli ára en er það sama í upphafi og lok tímabilsins og er alltaf við eða vel yfir meðaltali sambærilegra sveitarfélaga á Norðurlöndum. Árið 2012 er það hærra en meðaltalið á hinum Norðurlöndunum, þ.á.m. í Finnlandi. Í Mosfellsbæ er læsi á stærðfræði svipað og í Danmörku, er óbreytt í upphafi og lok tímabilsins, 2003 og 2012 og stöðugt ár frá ári. Það er að jafnaði um 20-30 stigum lægra en í Garðabæ, sem nemur hálfu skólaári. Þróun stærðfræðilæsis á Seltjarnarnesi er mjög lík því sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku, það lækkar aðeins á tímabilinu 2003 til 2012, mun minna þó en almennt á Norðurlöndunum.

Þróun á náttúrufræðilæsi frá 2006-2012

Læsi á náttúrufræði hefur verið metið frá 2006 og það hefur ekki breyst að ráði í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu 2009 og 2012. Á sama tíma hefur staðan í sambærilegum sveitarfélögum í Svíþjóð og Finnlandi versnað en í Danmörku og Noregi haldist stöðug.





Mynd 5. Þróun á læsi á náttúrufræði í sveitarfélögum með 15-100 þúsund íbúa á Norðurlöndunum

Í Mynd 5 er náttúrufræðilæsi í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði borið saman við náttúrufræðilæsi í sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum sem hafa 15-100 þúsund íbúa frá 2006 til 2012. Staðan þessi ár í Reykjavík og Kópavogi er nokkuð stöðug rétt fyrir neðan meðaltal OECD, mjög líkt því sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum í Svíþjóð og Danmörku. Í Finnlandi dregur verulega úr náttúrufræðilæsi í sambærilegum sveitarfélögum en það er þó allt tímabilið langtum betra, eða sem nemur u.þ.b. einu til einu og hálfu skólaári.

Hvað snertir lesskilning, læsi á stærðfræði og náttúrufræði er staða 15 ára nemenda ekki mjög ólík milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þessi ár ef Garðabær er undanskilinn. Staðan í Garðabæ miðað við önnur sveitarfélög er áberandi betri í síðustu mælingum, 2009 og 2012, en ekki í eldri mælingum, frá 2000 til 2006. Þessi sterka staða í Garðabæ er álíka og staða Finnlands hefur verið í samanburði við hin Norðurlöndin undanfarinn áratug. Þessir yfirburðir í Garðabæ eru miklir og virðast nýtilkomnir, sem rennir stoðum undir þá túlkun að hann megri rekja til breytinga sem hafa átt sér stað í starfsháttum skólanna á undanförnum áratug fremur en samfélagslegra þátta utan skólans.

Nokkur afgerandi frávík er að finna m.t.t. kynjamunar. Áberandi er sterk staða stúlkna í Garðabæ en lesskilningur þeirra er langtum betri en stúlkna almennt í sambærilegum sveitarfélögum á Norðurlöndunum. Í Garðabæ eru 20% stúlkna með afburðalesskilning sem er það sama og í Finnlandi en það er tvöfalt á við það sem almennt er í sambærilegum sveitarfélögum á Norðurlöndum. Lesskilningur drengja í Reykjavík og Hafnarfirði er á við stöðu sænskra drengja í sambærilegum sveitarfélögum og telst sérstaklega slakur í norrænu samhengi. Á Seltjarnarnesi er einnig hátt hlutfall drengja með mjög slakan lesskilning. Í Hafnarfirði er staðan einna verst en þar er þriðjungur drengja með mjög slakan lesskilning og aðeins 1% drengja og 4% stúlkna með afburðalesskilning sem er áberandi lægra hlutfall en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki er skýr kynjamunur í læsi á stærðfræði eða náttúrufræði í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Stærðfræðilæsi bæði drengja og stúlkna í Garðabæ er meira en almennt í sambærilegum sveitarfélögum á Norðurlöndum að Finnlandi meðtöldu. Náttúrufræðilæsi er hins vegar nær meðaltali sambærilegra sveitarfélaga á hinum Norðurlöndunum. Það á einnig við um hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Hafnarfjörð þar sem það er áberandi lakara hjá báðum kynjum.²⁵

Grunnþættir menntunar

Mikilvægt er að árétta að gæði skólastarfs verða ekki einungis metin með tilliti til námsárangurs í undirstöðugreinum á borð við lestur, stærðfræði og náttúrufræði eða annarra slíkra mælanlegra þátta í skólastarfi. Vægi sköpunar, félagsfærni og færni á sviði list- og verkgreina verður ekki ofmetin í þessu sambandi. En að margra mati er of mikið lagt upp úr bóklegri þekkingu á kostnað þess að rækta

²⁵ Almar Halldórsson og Kristjan K. Stefánsson, 2013, bls. 20-35

samhliða verklega og listræna færni.²⁶ Í nýrri menntastefnu er lögð áhersla á hæfni nemenda og í sameiginlegum hluta aðalnámskrár kemur fram að hæfni feli í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði. Hinir sex grunnþættir menntunar eru m.a. settir fram til að efla færni á þessum sviðum en þeir fela í sér einstaklings- og samfélagsmiðuð gildi almennrar menntunar frá leikskóla til framhaldsskóla.²⁷

3. Kennsla í fremstu röð

Rannsóknir sýna að þrennt virðist einkum einkenna skólakerfi í fremstu röð. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að laða hæft fólk í störf kennara. Í öðru lagi er þar stuðlað að markvissri og stöðugri starfsþróun með það fyrir augum að auka faglega hæfni kennara enn frekar. Og í þriðja lagi er lögð áhersla á að **öllum** nemendum sé tryggður aðgangur að fyrsta flokks kennslu.²⁸ Athyglisvert er að þau fjögur lönd sem koma best út úr PISA könnunum: Finnland, Singapore, Suður Kórea og Kanada – mennta kennara úr röðum þess þriðjungs (30%) framhaldsskólanema sem hafa bestan námsárangur á meðan vestræn ríki sem koma mun verr út í þessum samanburði, svo sem Bandaríkin og Bretland, mennta til kennara úr hópi þeirra 40% umsækjenda sem hafa lakastan árangur. Allir kennarar í Finnlandi koma úr hópi 30% nemenda með bestan námsárangur en í Bandaríkjunum er hlutfall kennara úr efsta þriðjungi einungis 23% og aðeins 14% í þeim skólum þar sem fátækt er mest. Þær þjóðir sem skara fram úr í PISA fjárfesta einnig í betri starfsskilyrðum í skólum. Með því er átt við skýra markmiðssetningu og stefnumiðaða stjórnun, tækifæri til að vinna með góðum kollegum, starfsþróunartækifæri til að auka færni, góðan aðgang að tækni og gögnum o.s.frv. Stöðug símenntun í samstarfi við starfsfélaga stuðlar að því að rækta fagauð kennarastéttarinnar.²⁹

Gæði menntakerfis ráðast að verulegu leyti af gæðum kennslunnar og kennsluhátta í skólum. Aukinn skilningur er á því að gæði kennslunnar sé sá þáttur í skólastarfinu sem hefur mest áhrif á nám og árangur nemenda³⁰. Víðtækur stuðningur er við það sjónarmið í röðum fræðimanna að ekki sé hægt að bæta námsárangur nema bæta

²⁶ Úr umsögn Kennarasambands Íslands um drög að skýrslu SSH: *Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði*.

²⁷ Aðalnámskrá grunnskóla, 2011.

²⁸ McKinsey & Company, 2007, bls. 2

²⁹ Hargreaves & Fullan, 2012, bls. 16

³⁰ Hargreaves & Fullan, 2012, bls. xii og 42; Hattie, 2007, bls. 19

kennsluna og þær aðferðir sem nemendur nota til að læra³¹. Kennsluaðferðir og námsumhverfið skipta sköpum í námi nemenda.³² Kennsluaðferðir hafa lítið breyst að formi til í aldanna rás. Nemendum er skipað í bekkir eftir aldri, þekking er flokkuð og kennd í afmörkuðum námsgreinum og kennsla fer fram í lokuðum kennslustofum þar sem einn kennari ræður för. Kennsla í grunnskólum á Íslandi einkennast að verulegu leyti af kynningum og fyrirlestrum kennara, sem leggja tiltekin verkefni og próf fyrir nemendur en sjálfstæði og virkni nemenda í skólastarfi hefur lengstum verið takmörkuð.³³ Þó hefur á síðari árum átt sér stað veruleg þróun í átt til kennsluhátta sem byggja meira á samvinnu og samráði kennara, hópvinnu nemenda, þjálfun í vinnubrögðum og notkun upplýsinga- og samskiptatækni auk áherslu á færni í æðri hugsun og rökræðum.³⁴ Mikilvægt er að byggja val kennsluhátta á niðurstöðum rannsókna, sem sýnt hafa fram á að þær skili tilætluðum árangri. John Hattie gerði úttekt á 800 safngreiningum (meta-analyses) yfir 15 ára tímabil á því hvaða þættir það eru sem hafa mest áhrif á námsárangur í skólum.

Megin niðurstaða John Hatties í bókinni *Visible Learning* er að það sé bein eða „sýnileg“ kennsla og nám með samspili og gagnkvæmri viðgjöf kennara og nemenda sem hefur mest jákvæð áhrif á námsárangur. Með sýnilegri kennslu og námi er átt við að kennarinn gangi úr skugga um að nemandinn sé að læra og meðtaka það sem kemur fram í kennslunni. Aðferðin felur í sér mat og eftirfylgni á kennslu og námi og viðgjöf á báða bóga. Virkni nemenda er m.a. aukin með mati þeirra á kennslunni, náminu og viðgjöf gagnvart hvoru tveggja. Bestur árangur næst þegar kennarar leggja sig fram um að ígrunda eigin kennsluhætti og nemendur fá sjálfir að hafa áhrif á eigin námsleiðir og viðfangsefni. Þá taka nemendur meiri ábyrgð á eigin námi og verða virkari í náminu.³⁵ Kennarinn er ekki bara að kenna hann er líka að fræðast um það hvernig nemendur meðtaka kennsluna og hvernig þeir læra³⁶. Þetta nám kennara fer ekki síst fram með samstarfi við kollega, samtölum og rýni í hópi kennara sem á kerfisbundinn hátt ræða inntak og framkvæmd eigin starfa. Slík jafningjarýni er grunnur að því að skapa lærdómssamfélag í

³¹ McKinsey & Company, 2010, bls. 58

³² Gerður G. Óskarsdóttir, 2012, bls. 29

³³ Gerður G. Óskarsdóttir, 2012, 40.

³⁴ Gerður G. Óskarsdóttir, bls. 29-30.

³⁵ John Hattie, 2009, bls. 19-22.

³⁶ John Hattie, 2009, bls. 24

skólanum sem skapar jarðveg fyrir stöðugar umbætur³⁷. Hún veitir kennurum mikilvægt aðhald, ekki síður en formlegt mat á gæðum kennslu þeirra, því um leið og kennarar hafa í sínum hópi komist að niðurstöðu um árangursríkar kennsluaðferðir skapar það faglegt aðhald og þrýsting á hagnýtingu þeirra niðurstaðna í kennslu.³⁸

Gæði kennslu skipta höfuðmáli fyrir árangur nemenda. En hvaða þættir eru það sem stuðla að gæðakennslu í skólastofunni? Rannsókn Day o.fl. bendir til þess að sá þáttur sem mestu ráði um gæði og virkni kennara í starfi sé skuldbinding kennarans gagnvart starfinu og nemendum. Þrír þættir ráða mestu um að viðhalda skuldbindingu kennara í starfi:

- a) Starfsreynsla. Virkni kennara í starfi er mest hjá þeim sem hafa 8-23 ára starfsreynslu.
- b) Styðjandi forysta skólastjórnenda
- c) Góðir samstarfsfélagar

Fram kom í rannsókn Day o.fl. að 63% kennara sem voru varanlega skuldbundnir starfinu nefndu að samstarfsfólk skipti þar höfuðmáli.³⁹

Í þeim löndum sem þykja skara fram úr í menntamálum er kennsla eftirsóknarvert starf. Kennarar eru virtir í samfélaginu og þeim er umbunað fyrir vel unnin störf. Byrjunarlaun kennara í Singapore eru samkeppnishæf við laun verkfræðinga og annarra hátt launaðra starfsstétta svo starfið laðar að sér framúrskarandi einstaklinga. Finnskir kennarar eru svo mikils metnir að þegar fólk var spurt í viðhorfsskönnun hvaða starf það myndi helst kjósa fyrir framtíðarmaka sinn var kennarastarfið í öðru af tveimur efstu sætunum ásamt læknastarfinu, vinsælla en störf lögfræðinga og viðskiptafræðinga.⁴⁰ Kennarar í Finnlandi fá ágæt laun, gott starfsumhverfi vel búið tækjum og kennslugögnum, og njóta verulegs trausts og sjálfræðis í starfi. Mikil samkeppni er um lausar kennarastöður og góðir útskriftarnemar úr framhaldsskólum sækja í kennslu. Í kennaranáminu er fléttað saman fræðilegu námi og starfsþjálfun á vettvangi og símenntun er orðin órjúfanlegur hluti af almennu skólastarfi.⁴¹

Nokkrar leiðir eru nefndar til að gera kennarastarfið eftirsóknarverðara og tengjast þær innbyrðis. Í fyrsta lagi að þróa markvissa ferla til að velja og þjálfra kennaranema; í öðru lagi að borga kennurum góð byrjunarlaun sem gæti leitt til þess að hæfari nemendur velji kennaranám og í þriðja

³⁷ Anna Kristín Sigurðardóttir, 2013

³⁸ McKinsey & Company, 2010, bls. 75

³⁹ Hargreaves og Fullen, 2012, bls. 59-60

⁴⁰ McKinsey & Company, 2007, bls. 17-18

⁴¹ Hargreaves og Fullan 2012, 81

lagi að gæta vel að virðingu kennarastéttarinnar sem er háð þeim atriðum sem nefnd eru hér á undan og reyndar mörgum öðrum. Megin niðurstaðan ef tekið er mið af bestu menntakerfum í heimi er sú að gæði menntakerfisins eru á endanum háð gæðum kennaranna og kennslunnar.⁴² Vandí íslenska skólakerfisins birtist ekki síst í því að laun kennara eru hlutfallslega lág í alþjóðlegum samanburði og skortur er á umsækjendum um kennaranám. Hvort tveggja vinnur gegn þeim markmiðum sem hér hafa verið nefnd um forsendur kennslu í fremstu röð.

Hargreaves og Fullen (2012) halda því fram að til að tryggja að allir nemendur njóti gæðakennslu þurfi að efla kennarahópinn í heild sinni og byggja upp starfsmenningu þar sem gæðakennsla er almenna reglan óháð einstaklingum. Það er grundvallarforsenda góðs menntakerfis að það sé ekki háð einstökum kennurum eða talið byggjast á heppni hvort nemendur fái gæðakennslu eða ekki. Verkefni fræðslufyrivalda er að hlúa að kennarahópnum sem heild því aðeins þannig njóta allir nemendur góðs af breytingunum.

Gæðakennsla byggir á þremur stoðum samkvæmt Hargreaves og Fullen (2012):

1. Stöðug starfsþróun, þar sem kennarar leggja sig fram um að rýna og bæta eigin kennslu jafnt og þétt. Tilgangurinn er að bæta vinnubrögð í skólastarfinu, minnka mun á árangri eða námsgetu nemenda og leita leiða til að örva og vekja áhuga þeirra á náminu.
2. Allar umbætur eru gerðar á félagslegum grunni, með það fyrir augum að þróa og efla sameiginlega fagmennsku sem forsendu fyrir öflugri og árangursríkri liðsheild kennara.
3. Tryggt er að fagauður (professional capital) byggist upp meðal kennarastéttar í heild, með breytingum á innbyrðis samskiptaferlum kennara og starfsháttum kennaraforystunnar – þar sem kennaraforystan lítur á sig sem breytingaafli sem beitir sér fyrir auknum gæðum kennslu og umbótum í þágu nemenda, ekki síst þeirra sem standa höllum fæti. Benda má á dæmi frá Ontario í Kanada og Finnlandi þar sem kennarasamtök hafa tekið virkan þátt í umbótaferlinu. Fagmennskan þarf einnig að ná til skólastjórnenda, skólayfirvalda og stefnumótunaraðila á hverjum stað.

Í stuttu máli snýst aukin fagmennska í kennslu um það að stuðla að framförum einstakra kennara, bæta árangur kennara sem liðsheildar í hverjum skóla og auka gæði kennslu hjá kennarastéttinni í heild.

⁴² McKinsey & Company 2007, 23

Meginverkefni stjórnvalda og skólastjórna samkvæmt Hargreaves og Fullan er að halda góðum kennurum í starfi þannig að þeir nái a.m.k. 10-20 ára starfsaldri því þá skila þeir mestu til nemenda og samfélagsins í formi reynslu, þekkingar og færni. Sömuleiðis þarf að horfast í augu við þá staðreynd að skuldbinding kennara gagnvart starfinu hefur tilhneigingu til að minnka eftir 20 ár í starfi ef þeir hafa ekki sinnt eigin starfsþróun. Þá er mikilvægt að geta boðið þeim kennurum aukinn sveigjanleika í starfi eða nýja áskorun og hlutverk t.d. í formi stjórnunarstaða eða þjálfunar yngri kennara.

Mikið vinnuálag og misráðin miðstýrð stefna stjórnvalda er nefnd í erlendum rannsóknum sem meginorsök minnkandi skuldbindingar í starfi og vinnuumhverfi er algengasta orsök þess að ungir kennarar hætta í starfi vestan hafs.⁴³

Gæða kennaramenntun

Mikilvæg forsenda þess að hægt sé að auka gæði kennslu er að vandað sé til verka varðandi grunnmenntun kennara. Mikilvægt er að greina hvort inntak kennaramenntunar á Íslandi taki nægilegt mið af ólíkum þörfum nemenda sem kennarar þurfa að geta sinnt í skólstofunni og jafnframt að kennarar hafi á valdi sínu árangursríkar kennsluaðferðir sem hæfa aðstæðum hverju sinni. Hargreaves og Fullan halda því fram að kennaramenntun vestan hafs hafi byggt meira á því sem próffessorar vildu kenna en því sem nemendur þurftu að læra til að geta kennt. Nágrannarþjóðir okkar eins og Norðmenn komust að þeirri niðurstöðu að úrelt kennaramenntun sé eitt þeirra atriða sem þurfi að ráða bót á ef Norðmenn vilji bæta árangur sinn í alþjóðlegum samanburði. Þeir hafa því nýlega breytt kennaranámi sínu verulega. Nefna má dæmi um árangursríkt umbótastarf í kennaramenntun frá Toronto í Kanada. Þar var skipulagt samstarf háskóla við 5 skólaumdæmi með áherslu á námskeið fyrir kennaranema, doktorsnema og endurmenntunarnámskeið um samvinnunám (cooperative learning)- eða læsi þar sem rannsóknir og umbætur voru tengdar við kennaramenntun og rannsóknarvinnu doktorsnema. Kennaranám hefur verið styttra hér á

⁴³ Hargreaves og Fullan 2012, bls. 59-76

landi en í flestum löndum Evrópu en hefur nú verið lengt og endurskipulagt samkvæmt lögum frá 2008. Nú er meistaragráða skilyrði fyrir kennsluréttindum á öllum skólastigum samkvæmt fyrirmynd frá Finnlandi. Ekki er komin reynsla á hvort og þá hvernig nýtt kennaranám muni hafa áhrif á skólastarf þar sem fyrstu árgangar leik- og grunnskólakennara útskrifast vorið 2014.

Samskonar samstarf menntavísindadeilda háskóla og skóla í nærliggjandi umdæmum er að aukast í Bandaríkjunum og Bretlandi með víðtækri tengingu fræða og starfsþjálfunar- og það er nálgun sem leiðandi vottunarstofnun kennaramenntunar í Bandaríkjunum mælir nú með.⁴⁴

Gæðakennsla fyrir alla

Fremstu menntakerfi heims setja metnaðarfull viðmið um þekkingu, skilning og færni nemenda sinna og verja síðan mestu fjármagni og tíma í þá nemendur sem þurfa mest á aðstoð að halda. Síðan fylgjast þau grannt með árangrinum og grípa hratt inn í ef árangur stendur ekki undir væntingum. Þau menntakerfi sem státa af bestum námsárangri láta skólunum sjálfum eftir að hafa eftirlit með frammistöðu og stjórna inngripunum. Finnar hafa gengið lengra en aðrar þjóðir í að reyna að tryggja afburða frammistöðu allra í skólakerfinu með áherslu á jafnan aðgang allra nemenda að gæðakennslu.⁴⁵ Í þeim menntakerfum þar sem námsárangur er bestur, er mesta áherslan á að þjálfa grunnfærni á fyrstu skólaárunum. Enda sýna niðurstöður fjölmargra rannsókna að færni í undirstöðugreinum hefur sterka fylgni við árangur síðar á lífsleiðinni. Athyglisverð langtímarannsókn í Bretlandi sýndi t.d. að prófaniðurstöður í lestri og reikningi í 7 ára bekk höfðu sterka fylgni við launatekjur 37 ára gamals einstaklings jafnvel þó tekið væri tillit til áhrifa bakgrunnsbreyta á borð við félags- og efnahagslega stöðu. Bestu menntakerfin leggja því höfuðáherslu á að nemendur nái tökum á lestri og reikningi í fyrstu bekkjum grunnskóla. Megin skilaboð til þjóða sem vilja bæta menntakerfið eru þessi: Byrjið á að minnka þann mun sem er á námsárangri nemenda og vinnið síðan í að bæta árangur allra. Snemmtæk íhlutun er skilvirkasta leiðin til að minnka bilið milli nemenda. Að veita mikinn námsstuðning strax á fyrstu árum er lykilatriði.

⁴⁴ Hargreaves og Fullen, 2012, bls. 60-87.

⁴⁵ McKinsey & Company, 2007, bls. 35-38.

Sérkennsla

Fyrst er vikið að sérkennslu í lögum um fræðslu barna frá 1907 en um fimmtungur nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar hefur um árabil notið einhvers konar stuðnings vegna námserfiðleika og sama má segja um landið allt.⁴⁶ Þessi stefna er í samræmi við það sem tíðkast hjá þjóðum sem góðum árangri ná. Öflug sérkennsla á yngri stigum er mikilvæg og hana ber að efla. Líta þarf á sérkennsluna sem eðlilegan hluta skólastarfsins og byggja upp þær námsaðstæður í skólum að sérkennarar og bekkjarkennarar séu í reglulegu samstarfi um nám og árangur nemenda.

Í Finnlandi er mikil áhersla á sérkennslu og 30% nemenda fá einhverja sérkennslu á hverju ári. Þar í landi taka sérkennaranemar eitt viðbótarár í námi og fá greidd nokkuð hærri laun en almennir kennarar. Sérkennarar vinna í teyrum með fagaðilum eins og sálfræðingum, hjúkrunarfræðingum, ráðgjöfum í sérþörfum til að þjónustan sé heildræn. Í Finnlandi er einn sérkennari fyrir hverja 7 almenna kennara, sem veita einstaklingsaðstoð eða í litlum hópum. Áhersla er lögð á að „stimpla“ ekki sérkennsluna á neikvæðan hátt, margir nemendur fá hana, líka nemendur sem gengur almennt vel í námi.⁴⁷

4. Nemendamiðað nám

Í lögum og aðalnámskrá er að finna skýra áherslu á að við skipulag náms sé tekið tillit til stöðu og þarfa hvers nemanda. Sama grundvallarviðhorf kemur fram í 76. grein stjórnarskrár Íslands þar sem segir: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.“⁴⁸ Samskonar markmið koma fram í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, þar sem fjallað er um að mæta „þörfum hvers og eins“⁴⁹, „haga störfum...í...samræmi við stöðu og þarfir nemenda“⁵⁰ og „bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.“⁵¹ Ofangreint markmið um miðlæga stöðu nemandans í skólastarfi og skýr áhrif nemenda á nám sitt og námsframvindu er kjarninn í því sem kallað hefur verið m.a. einstaklingsmiðað nám eða nemendamiðað nám. Í fylgiskjali við Stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar frá árinu 2008 er einstaklingsmiðað nám skilgreint með eftirfarandi hætti:

⁴⁶ Gerður G. Óskarsdóttir, 2012, bls. 25

⁴⁷ McKinsey & Company 2007, 38

⁴⁸ Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, 1944.

⁴⁹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 2. gr.

⁵⁰ Lög um grunnskóla, nr. 91/2008, 2. gr.

⁵¹ Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, 2. gr.

„Skipulag náms sem tekur mið af stöðu hvers og eins en ekki hóps nemenda eða heils bekkjar í grunnskóla. Nemendur eru ekki að læra það sama á sama tíma heldur geta þeir verið að fást við ólík viðfangsefni og verkefni einir sér eða í hópum. Nemendur bera ábyrgð á námi sínu, og nám hvers og eins byggir á einstaklingsáætlun.“⁵²

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli í lögum benda innlendar rannsóknir og vettvangsathuganir til þess að hefðbundin hópkennta sé enn ríkjandi í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Hafsteinn Karlsson kemst að þeirri niðurstöðu í samanburði á kennsluháttum í 3. og 4. bekk á Íslandi og í Finnlandi að hefðbundnir kennsluhættir séu þar ríkjandi og kennsluaðferðir miðist gjarnan við að nemendur séu allir að vinna að sömu verkefnum á sama tíma.⁵³ Könnun Kristínar Jónsdóttur meðal kennara á unglingastigi leiddi í ljós að innan við þriðjungur kennara taldi kennslu sína almennt mjög eða nokkuð oft einstaklingsmiðaða, þrátt fyrir að eindreginn stuðningur kæmi fram við þá stefnu að taka mið af einstaklingsmun í kennslu.⁵⁴

Lagt er til að víðtæk rannsókn verði gerð á framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, virkni og sjálfræði nemenda um nám sitt og námsframvindu.

Aukið vægi verk- og tæknináms

Ljóst er að mikil þörf er í atvinnulífinu fyrir starfsfólk með verk- og tæknimenntun. Áætlað hefur verið að fjölga þurfi einstaklingum með tækni- og raungreinamenntun um 82% á næstu árum til að mæta þörf atvinnulífsins.⁵⁵ Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi sem settur var á fót árið 2013 leggur fram tillögur um hvernig megi fjölga verk- og tæknimenntuðum í atvinnulífinu. Þar er m.a. lögð áhersla á að efla færni og menntun kennara í þessum greinum og auka áherslu á raungreinar og lestur samhliða aðgerðum til að auka áhuga ungmenna á verk- og tæknigreinum.⁵⁶ Þessar tillögur eru í takt við eina meginniðurstöðu þessarar skýrslu um að brýnt sé að styðja við faglega hæfni íslenskra kennara.

Mikilvæg forsenda þess að takast megi að auka vægi verk- og tæknináms í samfélaginu er viðhorfsbreyting almennings gagnvart slíku námi. Ljóst er að hugur yfirgnæfandi meirihluta grunnskólanema og foreldra þeirra

⁵² Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2008, fskj.18.


⁵³ Hafsteinn Karlsson, 2007, bls. 93.

⁵⁴ Kristín Jónsdóttir, 2005.

⁵⁵ Samtök iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samtök íslenskra sveitarfélaga, 2012

⁵⁶ Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, 2013, bls. 270

stendur til bóknáms eins og sjá má á meðfylgjandi skýringarmynd úr samantekt Rannsóknar og greiningar á viðhorfum grunnskólanema í 8.-10. bekk árið 2012. Þar kemur fram að ríflega 80% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu hyggur á bóknám á framhaldsskólastigi. Skýrslur OECD um menntun sýna að íslenskir nemendur á framhaldsskólastigi velja mun sjaldnar verknám en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum OECD.⁵⁷ Samkvæmt rannsókn frá árinu 2007 líkaði um helmingi nýnema í framhaldsskólum betur við verklegar greinar en bóklegar í grunnskóla en samt hófu einungis 14% þeirra verknám, m.a. vegna þess að foreldrar þeirra lögðu áherslu á að þeir tækju stúdentspróf.⁵⁸



Mynd 6. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir að loknu númerandi námi? Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk grunnskóla árið 2012.⁵⁹

Með því að styrkja verkmenntun er einnig stigið markvisst skref í að stemma stigu við atvinnuleysi, en atvinnuleysi á Íslandi var 7,8% meðal þeirra sem einungis höfðu lokið grunnskólaprófi en 4,9% meðal háskólamenntaðra árið 2011. Tölur fyrir útskrifaða með framhaldsskólamenntun eru mismunandi eftir tegund menntunar, þ.e. 7,6% fyrir almennt nám í framhaldsskóla en bara 4,7% fyrir starfsnám.

Vert er þó að hafa í huga að verulegur munur er milli landa á því hvort atvinnuleysi hefur aukist meðal ungs fólks með litla menntun. Það hefur ekki alls staðar gerst og skýringin á því virðist vera sú hvaða vægi verk-

⁵⁷ OECD, 2011

⁵⁸ Forsætisráðuneytið, 2012, bls. 5.

⁵⁹ Rannsóknir og greining, 2013b, bls. 41

og tækninám (einnig nefnt starfsnám) hefur í viðkomandi landi. Í löndum þar sem fremur hátt hlutfall útskrifaðra er með starfsmenntun ríkir minna atvinnuleysi ungs fólks þegar litið er til þess hóps sem eingöngu er með framhaldsskólamenntun. Þannig er ljóst að staða ungs fólks sem ekki lýkur háskólanámi er vænlegri ef viðkomandi hefur lagt stund á starfsnám fremur en hefðbundið bóknám. Atvinnuleysi er minna meðal þeirra sem hafa lokið starfsnámi á framhaldsskólastigi heldur en bóknámi á sama stigi. Ísland er í þeim hópi OECD landa þar sem munurinn er hvað mestur hvað þetta varðar, eða um 3 prósentustig.⁶⁰

Gæði leikskólastarfs í alþjóðlegum samanburði

Miklar breytingar hafa orðið á hlutverki og vægi leikskóla á höfuðborgarsvæðinu á undanförunum áratugum. Lengi var leikskólinn fyrst og fremst dagheimili fyrir forgangshópa, síðar hálfsgæði leikskóli og nú er þorri leikskólabarna allan daginn á leikskóla. Leikskólum hefur fjölgað mikið undanfarna áratugi og nú sækja flest börn leikskóla frá tveggja ára aldri og hafa því verið í skóla í fjögur ár þegar þau hefja grunnskólagöngu. Með lögum um leikskóla árið 1991 tóku leikskólar við því hlutverki sem dagvistarheimili og dagheimili höfðu sinnt varðandi uppeldi og menntun barna að skólaskyldualdri.⁶¹ Árið 1994 var leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastigið.⁶² Reykjavíkurborg hefur gert kannanir á viðhorfum foreldra til þjónustu leikskóla Reykjavíkur annað hvert ár frá 2007 og var sú nýjasta gerð árið 2013. Niðurstöður leiða í ljós mikla ánægju foreldra með þjónustuna, heildaránægja með þjónustuna mælist 93% og hefur lækkað um 2 prósentustig frá 2011. Ánægja með einstaka þætti í starfi leikskólans er á bilinu 70-90% en hefur þó lækkað nokkuð frá síðustu könnun. Mest lækkar ánægja með heimasíðu leikskólans og kynningu á nýju starfsfólki en ánægja með stjórnun leikskólans og samskipti við leikskólastjóra er áfram mikil, á bilinu 85-88%. Mikil ánægja kemur fram með þætti á borð við umönnun og þarfir barns (93%), foreldrasamtöl (92%) og líðan barns (97%) en nokkru minni um upplýsingastreymi (82%) og fæði barnsins a leikskólanum (81%). Samanburðartölur liggja fyrir gagnvart Kópavogi, Árborg og Akureyri og kemur þar fram að heildaránægja með leikskóla er svipuð og í Árborg, minni en á Akureyri en heldur meiri en í Kópavogi (90%). Hlutfallsleg ánægja með einstaka þætti leikskólastarfsins sveiflast milli sveitarfélaga.⁶⁴

⁶⁰ OECD, 2013, bls. 14-89

⁶¹ Lög um leikskóla nr. 48/1991

⁶² Lög um leikskóla nr. 78/1994

⁶³ Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 1-2

⁶⁴ Reykjavíkurborg, 2013, myndir 2-3

Samanburður við nokkrar aðrar borgir á Norðurlöndum: Osló, Árósar og Stokkhólm leiðir í ljós að ánægja foreldra með þjónustu leikskóla er með mesta móti í Reykjavík. Heildaránægja með leikskólann er á bilinu 77-87% í norrænu borgunum þremur, ánægja með líðan barns 83-92% og tölur yfir ánægju foreldra með samskipti við starfsfólk, dagleg viðfangsefni, fæði og umönnun og þarfir barns eru í öllum tilvikum hærri í Reykjavík en í hinum norrænu borgunum.⁶⁵

Í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur (2010) kemur fram að flestir foreldrar telja að meginhlutverk leikskólans sé að stuðla að félagslegri hæfni barnanna en gæði í leikskólastarfi felist einnig í leik, útiveru og hreyfingu. Hún segir foreldra almennt ánægða með starfið í leikskólanum. Leikskólinn sé eðlilegt fyrsta skref í skólagöngu barna og öruggur staður fyrir börnin á meðan þeir stunda vinnu sína. Um leið er leikskólinn mikilvægt námsrými þar sem börnin fá tækifæri til að umgangast önnur börn og læra í hópi jafnaldra og fullorðinna fagmanna leikskólanna.⁶⁶



⁶⁵ Reykjavíkurborg, 2013, mynd 7

⁶⁶ Jóhanna Einarsdóttir, 2010b, bls. 9-13

Snemmtæk íhlutun

Í ljósi þess sem áréttað hefur verið í þessari skýrslu um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar til að auka lífsgæði barna, jafna getumun og efla þroska þeirra er ástæða til að vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í því sérkenni íslenska skólakerfisins að hér á landi sækja nær öll börn leikskóla. Það gefur möguleika á kerfisbundinni les- og málþroskaskimun og snemmtækri íhlutun meðal leikskólabarna.⁶⁷ Í þessu sambandi má benda á að yfir 90% leikskóla á landinu hafa notað Hljóm 2, greiningartæki í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólum. Börn sem greinast í áhættuhópi fá í kjölfarið sérstaka íhlutun. Nýlegar rannsóknir gefa hins vegar til kynna að upplýsingar um niðurstöður slíkra greininga og íhlutunar skili sér illa til grunnskóla og foreldra og þar sem upplýsingum er miðlað til umsjónarkennara í grunnskólum sé misbrestur á því að þær séu nýttar við skipulag lestrarkennslu fyrir viðkomandi nemendur.⁶⁸

Innlendar og erlendar rannsóknir sýna að málþroskamælingar í leikskólum geta spáð fyrir um námsgengi í grunnskóla og sýnt hefur verið fram á sterk tengsl milli málþekkingar barna á leikskólaaldri og lestrarfærni þeirra síðar á skólagöngunni. Nýleg innlend rannsókn Jóhönnu T. Einarsdóttur og fleiri sýndi sterk tengsl milli mælinga á hljóðkerfisvitund í leikskóla (með HLJÓM 2) og árangurs á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.⁶⁹

Mikilvægt er að beita snemmtækri íhlutun með markvissri örvun málþroska allt frá fyrstu dögum leikskólagöngu. Þetta þarf að gera í góðu samstarfi við foreldra meðal annars með fræðslu um gildi málörvunar á heimilum. Þá mætti hefja markvissa innlögn á stafahljóðum og leggja grunn að undirstöðulestrarfærni hjá elstu börnum leikskólans með það fyrir augum að skapa þeim jafnan og traustan grundvöll fyrir upphaf grunnskólagöngu. Jafnframt þarf að tryggja að kennarar í grunnskólum fái aðgang að og nýti sér niðurstöður les- og málþroskaskimana frá leikskólum um námslega stöðu og þarfir einstakra nemenda svo tryggja megi þeim fullnægjandi námsstuðning.

⁶⁷ Úr umsögn Kennarasambands Íslands um drög að skýrslu SSH: *Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði*.

⁶⁸ Guðrún Þóranna Jónsdóttir og Jóhanna T. Einarsdóttir, 2013, bls. 31

⁶⁹ Jóhanna T. Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir, 2011, bls. 1

Gæði grunnskólastarfs í alþjóðlegum samanburði

Í gildandi lögum um grunnskóla segir: „Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun.“⁷⁰ Mikilvægi grunnskólastarfs fyrir velferð samfélagsins er undirstrikuð í sameiginlegri framtíðarsýn Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga til 2020: „Grunnskólinn er ein af meginstoðum samfélagsins. Grunnskólastarfið er undirstaða framþróunar fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið.“ Í þeirri stefnumótun er undirstrikað mikilvægi þess að tryggja gæði skólastarfs: „Meginmarkmið stefnunnar er að hámarka gæði skólastarfs til að nemendur verði ánægðir og með jákvæða sjálfsmynd. Þeir búi yfir færni og löngun til að læra, til að viðhalda þekkingu og leikni og séu undirbúnir fyrir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun.“⁷¹

Vísar rannsóknir unnu greiningu fyrir SSH á árangri og einkennum grunnskólastarfs á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við sambærileg sveitarfélög á hinum Norðurlöndunum.

Hér er að miklu leyti um frumgreiningu að ræða á gögnum sem safnað var í íslenskum grunnskólum í PISA rannsóknum OECD (Programme for International Student Assessment), HBSC rannsókn

Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (Health and Behaviour in School) og TALIS könnun OECD (Teaching and Learning International Study) frá 2008. Í köflunum hér á eftir eru helstu niðurstöður teknar saman bæði út frá þeim og sveitarfélögum. (Upplýsingar um læsi á bls. 11-19 byggja á sömu skýrslu).

Viðhorf og námsvenjur

Upplýsingar um viðhorf og námsvenjur koma úr spurningalista í PISA rannsóknum sem lagður er fyrir alla nemendur í 10. bekk á þriggja ára fresti og er svarhlutfall yfir 80%. Hér eru dregin saman aðalatriði niðurstaðna um 17 matsþætti frá 2009 og 2012 og einnig um þróun undanfarinn áratug.

Nemendur á höfuðborgarsvæðinu nota bókasöfn langtum minna en gengur og gerist á öllum hinum Norðurlöndunum og almennt í OECD löndunum. Ánægja af lestri, fjölbreytni í lesefni og lestur á netinu er hins vegar svipaður því sem almennt gerist í sambærilegum sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum. Það sama á við um sjálfsmynd (e. self-image) í stærðfræðinámi, kvíða tengdan stærðfræði og vilja til frekara stærðfræðináms eftir grunnnám. Á höfuðborgarsvæðinu eru þessir þættir svipaðir og á Norðurlöndunum. Trú á eigin getu (e. self-efficacy) í

⁷⁰ Lög um grunnskóla nr. 91/2008

⁷¹ Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélag Íslands 2007, bls. 12-13

stærðfræði er sterkari á höfuðborgarsvæðinu en almennt á Norðurlöndum, sérstaklega sterk í Garðabæ og á Seltjarnarnesi. Námsþæknir nemenda á höfuðborgarsvæðinu í stærðfræðinámi er áberandi betri en á Norðurlöndunum og innan OECD almennt. Námsþæknir í vinnu með texta í móðurmálsnámi er hins vegar áberandi verri á höfuðborgarsvæðinu.

Viðhorf nemenda á höfuðborgarsvæðinu til tölvunotkunar eru ekki mjög frábrugðin viðhorfum nemenda á Norðurlöndum. Í því felst að þeir meta gagnsemi tölvutækni og nets við nám á svipaðan hátt, sjálfstraust í flóknum aðgerðum í tölvum er svipað og þeir nota tölvur álíka mikið til afþreyingar. Hins vegar er tölvunotkun nemenda í skólanum á höfuðborgarsvæðinu miklu minni en í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en þar er hún mikil miðað við OECD löndin. Það er mjög áberandi að í Hafnarfirði er tölvunotkun í skólum hverfandi miðað við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Ungmennir á höfuðborgarsvæðinu nota internetið almennt minna en í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, að meðaltali 57 mínútur á dag miðað við 67 mínútur. Í Finnlandi er tölvunotkun í skólum og notkun á Interneti áberandi minni en á öðrum Norðurlöndum.

Þróun á viðhorfum nemenda til stærðfræðináms er skoðuð frá 2003 til 2012. Það hefur almennt batnað eða haldist óbreytt í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu undanfarinn áratug á meðan það hefur versnað að ýmsu leyti á hinum Norðurlöndunum. Sérstaklega má greina jákvæða þróun á viðhorfum í Garðabæ og einnig á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ, sem er til marks um jákvæða þróun á skipulagi stærðfræðináms í þessum sveitarfélögum.

Heilsa, líðan og áhættuhegðun

Þessi kafli fjallar um niðurstöður könnunarinnar Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) 2009-2010 um heilsu, líðan og áhættuhegðun grunnskólanemenda í 6.-10. bekk. Könnunin er framkvæmd af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO). Hún nær til ríflega 200.000 skólabarna í um 40 löndum á fjögurra ára fresti og er ein víðamesta rannsókn samtímans á heilsu og lífshættum ungs fólks. Út frá svörum nemenda er lagt mat á mataræði, þyngd, hreyfingu, líðan, lífsánægju, einelti, slagsmál, meiðsl, tannhirðu, tóbaksnotkun, áfengisdrykkju, kannabisneyslu og samfarir. Ekki er safnað upplýsingum um stærð sveitarfélaga og því er ekki unnt að bera niðurstöður saman við sambærileg sveitarfélög. Í kaflanum eru niðurstöður fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í staðinn bornar saman við stöðuna á hinum Norðurlöndunum og Íslandi samtals. Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er offita ungmenna 11-15 ára minna vandamál en almennt gerist í heiminum ef miðað er við 40 þátttökulönd HBSC. Á höfuðborgarsvæðinu og í Finnlandi er offita meira vandamál en ekki meira en almennt gerist í heiminum. Þó er mun hærra hlutfall grunnskólanemenda á unglingastigi á höfuðborgarsvæðinu í þyngdaraðhaldi en almennt gerist. Offituvandi er ekki breytilegur milli sveitarfélaga. Á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild er áberandi minni neysla ávaxta og grænmetis en á hinum Norðurlöndunum fyrir utan Garðabæ og Seltjarnarnes þar sem hún er töluvert meiri, bæði hjá yngri (11 og 13 ára) og eldri (15 ára) unglingum.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni tengist offita neyslu morgunmatar þar sem nemendur sem ekki borða reglulega morgunmat eru í meiri hættu á að verða of feitir. Hér á landi sem og á hinum Norðurlöndunum er greinilega lögð rík áhersla á morgunmat hjá unglingum enda meirihluti unglinga sem borðar morgunmat á hverjum degi.

Í HBSC eru vísbendingar um líðan og félagslíf grunnskólabarna frá mati á eigin hamingju, upplifun á depurð, tíðni höfuðverkja, tíðni slagsmála og fjöldi gerenda og þolenda eineltis. Mikill meirihluti ungmenna í heiminum almennt telja sig hamingjusama en hlutfallið er enn hærra hér á landi eða 92% yngri og 87% eldri nemenda. Minna er um alvarlega depurð í Hafnarfirði, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi miðað við Reykjavík, Kópavog og Garðabæ. Mikill munur er á hinum Norðurlöndunum þar sem minna er um depurð í Finnlandi og Danmörku en á Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Sama niðurstaða kemur fram um tíða höfuðverki.

Einelti er áberandi minna hér á landi en í þátttökulöndum HBSC 2009-2010. Í flestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er bæði hlutfall gerenda og hlutfall þolenda helmingi minna en gengur og gerist almennt á heimsvísu. Undantekningar eru unglingastigið á Seltjarnarnesi þar sem áberandi hærra hlutfall nemenda segist lagðir í einelti (11%) og á unglingastigi í Mosfellsbæ þar sem stór hluti nemenda segist taka þátt í að leggja í einelti (22%). Í Svíþjóð og Danmörku er einnig fremur lítið um einelti og draga þessar niðurstöður fram afar jákvæða mynd af félagslegu umhverfi nemenda í þessum löndum. Í Noregi og Finnlandi er hins vegar meira um einelti bæði hjá yngri og eldri grunnskólanemendum. Líkt og tíðni eineltis er tíðni slagsmála góð vísbending um gæði félagslegs umhverfis. Mun minna er um slagsmál meðal unglinga hérlendis og á Norðurlöndunum miðað við það sem almennt gerist í þátttökulöndum HBSC. Þau eru þó algengari meðal yngri nemenda í Garðabæ og Hafnarfirði og meðal eldri nemenda í Mosfellsbæ. Í HBSC er áhættuhegðun metin út frá ýmsum þáttum. Fyrst er það tannhirða, en regluleg tannburstun gefur vísbendingu um

hreinlæti almennt hjá nemendum. Tannhirða nemenda í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er betri en almennt á heimsvísu, fyrir utan Reykjavík, Mosfellsbæ og Kópavog þar sem hún er svipuð eða lakari. Hérlandis er áberandi mikið um meiðsli bæði meðal yngri og eldri ungmenna í grunnskólum. Hér eru meiðsl skilgreind sem áverkar sem leita þarf með til læknis eða hjúkrunarfræðings en ekki er spurt í HBSC af hvaða völdum þau eru. Meiðsli tengjast öryggi nemenda enda eru slys algengasta dánarorsök hjá ungmönnum á Vesturlöndum samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni.


Rúmlega helmingur ungmenna á höfuðborgarsvæðinu hefur þurft að leita til læknis eða hjúkrunarfræðings vegna meiðsla síðastliðið ár. Hæst er hlutfallið á Seltjarnarnesi en lægst í Reykjavík. Hérlandis og á hinum Norðurlöndunum er lífstíll nemenda sérstaklega jákvæður þegar kemur að áfengis-, vímuefna- og tóbaksnotkun. Tóbaks-, áfengis- og kannabisneysla er miklu minni hér á landi en almennt í heiminum. Niðurstöðurnar sýna að forvarnir hérlandis hafa skilað einstökum árangri. Jákvæðustu niðurstöðurnar snúa að tóbaksnotkun en miðað við hin Norðurlöndin og sér í lagi miðað við hin HBSC löndin í heild nota sárafáir íslenskir unglingar á aldrinum 11-13 ára tóbak og miklu færri 15 ára unglingar. Hlutfallið á höfuðborgarsvæðinu fyrir yngri nemendurna er almennt sex sinnum minna en hlutfallið á heimsvísu. Fyrir eldri nemendur er það nokkuð ólíkt milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Tóbaksnotkun 15 ára nemenda er algengust í Mosfellsbæ, eða þriðji hver nemandi. Hlutfallið á Seltjarnarnesi er miklu minna eða áttundi hver nemandi. Hérlandis og á flestum Norðurlöndum drekka sárafáir grunnskólanemendur áfengi miðað við almennt á heimsvísu. Hlutfallið hérlandis er fjórtándi hver nemandi á móti fimmta hverjum í HBSC þátttökulöndunum. Sérstaða Íslands er ekki eins stórkostleg þegar kemur að kannabisneyslu og mikill munur er á sveitarfélögum. Í öllum sveitarfélögum er minna um að 15 ára nemendur hafi prófað kannabisefni en í HBSC löndunum almennt. Hlutfallið er þó breytilegt, allt frá 5-7% á Seltjarnarnesi, Garðabæ og Hafnarfirði upp í 12-13% í Reykjavík og Mosfellsbæ.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni er óvarið kynlíf alvarleg áhættuhegðun fyrir ungmenni vegna vanþekkingar á getnaðarvörnum sem getur leitt til snemmbúinnar þungunar og útbreiðslu kynsjúkdóma. Við 15 ára aldur hefur um það bil fjórði hver unglingur á höfuðborgarsvæðinu haft samfarir, sem er sama hlutfall og almennt á heimsvísu. Hlutfallið er lægst á Seltjarnarnesi eða fimmti hver nemandi. Mikill munur er á Norðurlöndunum, aðeins sjötti hver nemandi í Finnlandi en þriðji hver í Damörku og Svíþjóð.

Skólabragur og kennsluhættir

Upplýsingar um skólabrag og kennsluhætti koma úr spurningalista í PISA rannsókninni sem yfir 80% allra nemenda í 10. bekk tóku þátt í. Hér eru dregin saman aðalatriði niðurstaðna um 21 matspátt frá 2009 og 2012 en einnig þróun undanfarinn áratug.

Skólabragur er áberandi jákvæðari í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði að mati nemenda en í sambærilegum sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum og einnig miðað við OECD í heild. Persónulegt gildi námsárangurs er meira, samsömun við nemendahópinn meiri og samband við kennara betra. Sérstaklega er stuðningur kennara í náminu meiri í Reykjavík en gengur og gerist í Kópavogi og Hafnarfirði og í öðrum sveitarfélögum af svipaðri stærð á hinum Norðurlöndunum. Agi í tímum er hins vegar sambærilegur því sem gerist almennt innan OECD nema í Hafnarfirði þar sem hann er mun minni, reyndar álíka og í finnskum sveitarfélögum af sambærilegri stærð. Reyndar sést að skólabragur í sambærilegum sveitarfélögum í Finnlandi er samkvæmt þessum matspáttum einna lakastur á Norðurlöndunum, miklu verri en gengur og gerist í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 6. Skólabragur í Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ í samanburði við sveitarfélög á Norðurlöndum með 15-100 þúsund íbúa.

Jákvæður skólabragur einkennir jafnvel enn meira fámennari sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Garðabæ, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ og samanburðurinn við sambærileg sveitarfélög á Norðurlöndunum dregur upp mynd af fyrirmyndarskólum. Viðhorf nemenda til skóla og náms, samsömun við nemendahópinn, samband

við kennara og sér í lagi stuðningur kennara í náminu er með allra besta móti og langtum jákvæðara en á hinum Norðurlöndunum. Agi í tímum á Seltjarnarnesi er álíka því sem gerist almennt í sveitarfélögum af svipaðri stærð á hinum Norðurlöndunum en í Garðabæ og Mosfellsbæ er hann meiri. Þrautsegja í námi í þessum sveitarfélögum er sambærileg því sem gerist á Norðurlöndunum og innan OECD almennt. Niðurstaðan er þó mjög skýr, það námsumhverfi sem nemendur á höfuðborgarsvæðinu hrærast í fær samkvæmt þessum niðurstöðum hámarkseinkunn og er til fyrirmyndar á allan hátt í samanburði við hin Norðurlöndin og OECD löndin almennt.

Margt við kennsluhætti hérlandis er svipað og á hinum Norðurlöndunum en sumt er þó ólíkt. Álíka mikið er um beina kennslu þar sem kennari leiðir og útskýrir, nemendur eru svipað virkir í náminu og tíðni leiðsagnarmats er sambærileg. Undantekning er Seltjarnarnes en þar virðast kennsluhættir einkennast fremur af beinni kennslu en í hinum sveitarfélögum, meiri virkni nemenda í námi og tíðara leiðsagnarmati. Á höfuðborgarsvæðinu er álíka mikið um hagnýt stærðfræðiverkefni í náminu og álíka mikið um krefjandi opin verkefni sem hvetja til frekari ígrundunar en almennt á hinum Norðurlöndunum. Á höfuðborgarsvæðinu er hins vegar mun meira um hrein stærðfræðiverkefni. Bekkjarstjórnun hjá stærðfræðikennurum er áberandi betri í Reykjavík, Garðabæ og Mosfellsbæ en líkari hinum Norðurlöndunum í Kópavogi, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi.

Mun minni þjálfun er í lestri á unglingastigi á höfuðborgarsvæðinu en í móðurmálskennslu í sambærilegum sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum. Þó er þjálfunin afar ólík að inntaki. Á höfuðborgarsvæðinu er töluvert minni hvatning kennara til nemenda um lestur, minna um lestur bókmennta, lestur á ósamfelldum texta, minna efni almenns eðlis og minni túlkun á bókmenntatexta. Íslenskukennsla í Garðabæ er skýr undantekning og að hluta til á Seltjarnarnesi þar sem lestrarþjálfun að þessu leyti er álíka og gerist almennt á Norðurlöndunum. Í Garðabæ er reyndar mun meira um lestur bókmennta en t.d. í Svíþjóð og Finnlandi. Markvisst skipulag og stuðningur í móðurmálstímum í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er hins vegar svipað og á hinum Norðurlöndunum. Loks kemur skýrt fram að í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er meira heimanám en gerist í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Nemendur á höfuðborgarsvæðinu verja 8-9 tímum á viku í heimanám að meðaltali á móti 6-7 tímum á Norðurlöndunum almennt. Kópavogur sker sig úr á höfuðborgarsvæðinu en þar er tími í heimavinnu um klukkutíma styttri. Finniskir nemendur verja hins vegar helmingi minni tíma í heimanám að meðaltali, aðeins um 4 tímum á viku.

Kennarar á unglingastigi

Í fimmta kafla greiningarskýrslu Vísar rannsókna eru birtar niðurstöður úr TALIS könnun OECD (Teaching and learning international survey) sem lögð var fyrir kennara á unglingastigi í 23 löndum árið 2008, þ.á.m. á Íslandi, Danmörku og Noregi. TALIS er fyrsta alþjóðlega rannsóknin á viðhorfum kennara sem veitir samanburðartölur milli landa um starfshætti þeirra, viðhorf, einkenni og starfsumhverfi. OECD mun endurtaka könnunina á fimm ára fresti og næsta sumar verða kynntar niðurstöður TALIS 2013 fyrir 31 land, þ.á.m. fyrir Svíþjóð og Finnland í fyrsta skipti. Námsmatsstofnun sér um framkvæmd TALIS á Íslandi og leyfir flokkun á niðurstöðum eftir landshlutum en ekki eftir sveitarfélögum. Könnunin frá 2008 er afar umfangsmikil en í þessum kafla eru birtar nokkrar af helstu niðurstöðum hennar. Þær eru birtar fyrir Reykjavík, nágrenni Reykjavíkur og sveitarfélög utan þess í samanburði við sveitarfélög í Danmörku og Noregi sem telja 3-100 þúsund íbúa. Niðurstöður varpa ljósi á sýn kennara á skólabrag, samskipti við nemendur og mat þeirra á eigin starfi og kennsluháttum. Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður fyrir þessi svæði.

Kynjahlutfall kennara héraendis er það sama og almennt gerist í þáttökulöndum TALIS en fleiri karlkyns kennarar eru í Noregi og Danmörku en hér á landi. Sterkt einkenni á höfuðborgarsvæðinu er áberandi lágt hlutfall ungra kennara miðað við á landsbyggðinni og almennt á heimsvísu. Á höfuðborgarsvæðinu er þriðji hver kennari ungur á móti öðrum hverjum í samanburðarhópnum. Hlutfall kennara yfir fimmtugt er mun hærra á höfuðborgarsvæðinu en utan þess, þriðji hver kennari á móti fjórða hverjum, en hlutfallið er hins vegar mjög svipað og í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku og Noregi.

Skortur á ungum kennurum á höfuðborgarsvæðinu er líklegur til að skapa vandamál við mönnun á næstu áratugum þegar þessi stóri hópur eldri kennara þar fer á eftirlaun. Í nágrenni Reykjavíkur hefur kennarahópurinn álíka mikla kennslureynslu og kennarar í Danmörku, Noregi og almennt á heimsvísu. Helmingur þeirra hefur verið 15 ár eða meira í kennslu og aðeins fjórðungur í 5 ár eða minna. Kennarahópurinn í Reykjavík og utan höfuðborgarsvæðisins er mun reynsluminni en þar hefur aðeins þriðjungur kennara 15 ára kennslureynslu eða meira. Framhaldsmenntun kennara hér á landi er áberandi lítil í alþjóðlegu samhengi. Aðeins átta til níu af hverjum hundrað kennurum á höfuðborgarsvæðinu og aðeins fjórir af hverjum hundrað kennurum utan þess hafa framhaldsmenntun. Það er svipað hlutfall og í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku en í Noregi er fjórði hver kennari með framhaldsmenntun og á heimsvísu er það þriðji hver. Í TALIS eru kennarar spurðir að því hve miklum tíma þeir verja í kennslu, undirbúning, skipulag og umsjón og annað óskilgreint. Kennarar á

höfuðborgarsvæðinu og utan þess verja um helmingi vinnutímans í kennslu sem er sambærilegt og almennt gerist í TALIS þátttökulöndunum og mun meira en í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku og Noregi. Íslenskir kennarar verja einnig sambærilegum tíma í undirbúning, skipulag og umsjón og almennt tíðkast á heimsvísu. Íslenskir kennarar verja svipuðum tíma í endurmenntun og kennarar í Danmörku og Noregi. Tími til endurmenntunar hérlandis er hins vegar helmingi minni en almennt í TALIS löndunum, um 11 dagar að meðaltali á ári á móti 20 dögum á heimsvísu. Þar munar mest um minni sókn kennara hérlandis í eigin endurmenntun sem þeim er ekki skylt að taka. Kennarar í Reykjavík sækja aðeins meiri endurmenntun en kennarar í nágrenni Reykjavíkur og utan höfuðborgarsvæðisins. Hérlandis sem og erlendis er meirihluti endurmenntunar greiddur af vinnuveitanda. Í Reykjavík og nágrenni er hlutfallið svipað og í sambærilegum sveitarfélögum í Noregi en hlutfallið er hærra utan höfuðborgarsvæðisins og í Danmörku. Í Reykjavík og nágrenni er um helmingur endurmenntunar skipulagður á vinnutíma kennara. Meira er um það í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku og Noregi sem og utan höfuðborgarsvæðisins. Kennarar hér á landi telja litla þörf fyrir endurmenntun umfram þá sem þeir taka nú þegar. Aðeins þriðjungur íslenskra kennara telur sig þurfa meiri endurmenntun. Það er helmingi minna en almennt í TALIS þátttökulöndunum en þar telja tveir af hverjum þremur sig þurfa meiri endurmenntun þrátt fyrir að hún sé nú þegar tvöfalt meiri en hérlandis.

Í öðrum kafla skýrslu Vísar rannsókna kemur fram að trú íslenskra nemenda í 10. bekk á eigin getu er mjög jákvæð miðað við önnur lönd. Í TALIS kemur fram að trú kennara á unglingastigi á eigin getu er mun meiri en almennt gerist í öðrum löndum. Það ríkir því samræmi milli sjálfstrausts nemenda í námi og sjálfstrausts kennara í kennslu hér á landi. Í fjórða kafla skýrslunnar kemur skýrt fram að út frá mati nemenda virðist skólabragur í skólum á höfuðborgarsvæðinu afar jákvæður í alþjóðlegum samanburði. Einnig er samræmi í mati kennara og nemenda á því hve jákvætt samband er milli þeirra í íslenskum skólunum en það er mun jákvæðara en almennt gerist í sambærilegum sveitarfélögum á heimsvísu. Kennarar meta hins vegar aga í tímum töluvert minni en nemendur gera, bæði innan og utan höfuðborgarsvæðis. Svo virðist sem starfshættir kennara í grunnskólum hér á landi séu afar ólíkir því sem almennt eru í hinum þátttökulöndum TALIS. Hérlandis er áberandi meira um að kennarar hafi samráð um skipulag og undirbúning kennslunnar en almennt gerist. Í Reykjavík og utan höfuðborgarsvæðisins er hins vegar minna um samvinnu í tímum milli kennara um sjálfa kennsluna en almennt á heimsvísu en í nágrenni Reykjavíkur er meira um slíka

samvinnu. Í öðrum kafla kemur fram að samkvæmt mati nemenda í 10. bekk í PISA rannsókninni eru nemendur hérlandis svipað virkir í náminu og tíðni leiðsagnarmats er sambærilegt. Samkvæmt svörum kennara á unglingastigi hérlandis er hins vegar mjög lítið um markmiðssetningu og eftirfylgni í kennslunni á unglingastigi miðað við önnur lönd. Í því felst að minna er um að sett séu skýr námsmarkmið, sjaldnar farið yfir heimavinnu eða vinnubækur, minna um samantektir í tímum og síður spurt út úr námsefninu. Hérlandis er sérstaklega lítið um nemendamiðaða kennslu og það er mjög sterkt einkenni á Íslandi miðað við þáttökulönd TALIS almennt. Minna er um að nemendur vinni í fámönnum hópum við að ná sameiginlegri lausn á verkefnum. Þeir fá síður ólík verkefni sem henta getustigi hvers og eins í tímum, eru síður virkjaðir til að velja viðfangsefni í náminu og aðstoða við undirbúning kennslustunda. Þá er minna um að nemendur með svipaða færni vinni saman að verkefnum. Auk þess er miklu minna um að kennarar beiti verkefnum sem krefjast virkrar þátttöku nemenda til að leysa. Í því felst að notuð eru færri langtímaverkefni sem krefjast a.m.k. viku til að leysa, nemendur vinna síður að því að skapa lausnir sem notaðar verða af öðrum, skrifa síður ritgerðir þar sem þeir þurfa að útskýra og rökstyðja og minna um umræður og rökræður þar sem unnið er með afstöðu sem endurspeglar jafnvel ekki þeirra eigin skoðun. Þessi litla virkni nemenda er langsterkasta einkenni á kennsluháttum hérlandis í alþjóðlegu samhengi. Greinilegt er að nemendur hér á landi eru ekki eins virkir í kennslustundum og almennt gerist í kennslustofum í öðrum þáttökulöndum TALIS. Samkvæmt mati nemenda í PISA rannsókninni (sjá kafla 2) einkennist kennsla á unglingastigi hins vegar álíka mikið og annars staðar af beinni kennslu hérlandis þar sem kennari leiðir og útskýrir. Svo virðist sem minni nemendamiðaðri kennslu fylgi ekki endilega meiri bein kennsla. Það vekur spurningar um hvaða kennsluaðferðir það eru sem helst er beitt í íslenskum grunnskólum og kalla þessar niðurstöður á frekari rannsóknir á því.⁷²

⁷² Hér má nefna að Háskólaútgáfan mun gefa út innan tíðar ritið: *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*, þar sem m.a. verður fjallað um kennsluaðferðir í íslenskum grunnskólum. Ritstjóri er Gerður G. Óskarsdóttir.

Samantekt um einstök sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu

Hér eru dregnar saman nokkrar helstu niðurstöður um sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram koma mikil frávik frá öðrum sveitarfélögum. Til að fá heildarmynd af stöðu þeirra er nauðsynlegt að rýna í hin fjölmörgu myndrit sem finna má í köflunum fimm í skýrslu Almars Halldórssonar og Kristjáns K. Stefánssonar og lesa lýsingar á matsþáttunum sem niðurstöðurnar eiga við sem er lýst í viðaukum.

Reykjavík

Niðurstöður PISA rannsóknarinnar 2000 til 2012 fyrir Reykjavík eru bornar saman við annars vegar sveitarfélög á Norðurlöndum með 15-100 þ. íbúa og hins vegar 100-1000 þ. íbúa. Niðurstöður eru svipaðar fyrir hvorn samanburðinn. Staða lesskilnings og læsis við lok grunnskóla í Reykjavík undanfarinn áratug er líkust því sem gerist í Danmörku. Í Reykjavík sveiflast útkoma varðandi lesskilning mikið milli ára en staðan er þó nánast sú sama árin 2003 og 2012, rétt við meðaltal OECD. Lesskilningur drengja í Reykjavík er á við stöðu sænskra drengja í sambærilegum sveitarfélögum og telst sérstaklega slakur í norrænu samhengi. Læsi á stærðfræði og náttúrufræði hefur verið stöðugt frá 2006, einnig rétt um meðaltal OECD. Í Reykjavík hefur læsi á stærðfræði mun hagstæðari dreifingu en lesskilningur. Hlutfall nemenda í Reykjavík með læsi á stærðfræði undir lágmarki OECD fyrir virka þátttöku í nútíma samfélagi (undir þrepi 2) er á við það sem gerist í stærri sveitarfélögum í Finnland (100-1000 þ. íbúar). Í Reykjavík er fjórði hver nemandi með mjög slakt læsi á náttúrufræði sem er hærra hlutfall en í sambærilegum sveitarfélögum á öllum hinum Norðurlöndunum.

Í Reykjavík er trú nemenda á eigin getu í stærðfræði hærri en gengur og gerist í svipað stórum sveitarfélögum á Norðurlöndum. Í Reykjavík er einnig töluvert betri sjálfsmynd í stærðfræði og minni kvíði fyrir stærðfræði en gerist almennt innan OECD. Í Reykjavík hefur verið áberandi jákvæð þróun á áhuga á stærðfræði og sjálfsmynd í stærðfræði undanfarinn áratug.

Íþróttaiðkun í Reykjavík er álíka og almennt á hinum Norðurlöndunum en minni en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Tannhirða nemenda í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er betri en almennt á heimsvísu en í Reykjavík er hún hins vegar svipuð og á heimsvísu. Yfir helmingur ungmenna í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hefur þurft að leita til læknis eða hjúkrunarfræðings vegna meiðsla síðastliðið ár, nema í Reykjavík þar sem hlutfallið er minna eða rétt um helmingur.

Hærra hlutfall unglunga í grunnskólum í Reykjavík hefur prófað kannabísefni miðað við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu en það er samt mun lægra en almennt í þeim 40 löndum sem taka þátt í HBSC rannsókn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Sérstakt einkenni á stærðfræðikennslu í Reykjavík umfram Kópavog, Hafnarfjörð, sambærileg sveitarfélög á Norðurlöndum og OECD almennt er jákvæð bekkjarstjórnun. Notkun krefjandi stærðfræðiverkefna er mun meiri og stuðningur kennara við nemendur er miklu meiri í Reykjavík og hefur batnað mikið á undanförnum áratug. Ági í tímum hefur einnig aukist mikið í Reykjavík á undanförnum áratug en hins vegar er sérstaklega mikill munur á upplifun kennara og nemenda á agaleysi þar sem kennarar telja það mun meira en nemendur.

Kennarahópurinn í Reykjavík er mun yngri og reynsluminni en í nágrenni Reykjavíkur og almennt í heiminum, aðeins þriðjungur kennara hefur 15 ára kennslureynslu miðað við helming utan höfuðborgarsvæðisins. Í Reykjavík er minna um samvinnu í tímum milli kennara um sjálfa kennsluna heldur en í nágrenni Reykjavíkur og almennt á heimsvísu. Kennarar í Reykjavík sækja hins vegar meiri endurmenntun en í nágrenni Reykjavíkur og utan þess.

Kópavogur

Líkt og í Reykjavík sveiflast útkoma í lesskilningi í Kópavogi í lok grunnskólans samkvæmt PISA mikið milli ára. Staðan er þó nánast sú sama árin 2003 og 2012, rétt um meðaltal OECD og mjög lík og í Danmörku. Læsi á stærðfræði kom mun verr út 2009 heldur en 2003 en er óbreytt frá 2009 til 2012. Læsi á náttúrufræði hefur mælst svipað frá 2006 til 2012. Í Kópavogi er hlutfall nemenda sem ekki geta lesið sér til gagns (undir þrepi 2), lægra en á höfuðborgarsvæðinu almennt en svipað og í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku og Noregi. Af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er minnstur kynjamunur í Kópavogi í lesskilningi árið 2012, álíka og í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku en þar er lang minnsti kynjamunur af Norðurlöndunum. Hátt hlutfall 15 ára drengja í Kópavogi telst hafa afburðalesskilning (7-8%) miðað við hinsveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu (1-3%) og hærra en almennt í sambærilegum sveitarfélögum á Norðurlöndunum. Í Kópavogi eru þrefalt fleiri drengir en stúlkur á efstu hæfnisþrepunum náttúrufræðilæsis sem er afar óvenjulegt. Í Kópavogi er trú nemenda á eigin getu í stærðfræði meiri en gengur og gerist í svipað stórum sveitarfélögum á Norðurlöndum, meiri en meðaltal OECD. Kópavogur er frábrugðið höfuðborgarsvæðinu varðandi tíma sem nýttur er í heimavinnu sem er um klukkustund styttri en í hinum sveitarfélögum. Í Kópavogi er minni fjölbreytni í lesefni en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og á hinum Norðurlöndunum.

Miðað við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall nemenda sem borða morgunmat á hverjum degi hæst í Kópavogi og á Seltjarnarnesi, hærra en á hinum Norðurlöndunum og miklu hærra en almennt í heiminum. Að öðru leyti er mataræði, hreyfing, líðan, félagstengsl og áhættuhegðun svipað og almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Skólabragur er áberandi jákvæðari á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. í Kópavogi, en í sambærilegum sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum og einnig miðað við OECD í heild. Kennsluhættir í Kópavogi eru almennt ekki frábrugðnir því sem almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu. Þó sker Kópavogur sig úr að einu leyti, þar er tími í heimavinnu um klukkustund styttri en í hinum sveitarfélögum og er svipaður og í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Garðabær

Í síðustu tveimur PISA mælingum, 2009 og 2012, er lesskilningur nemenda við lok grunnskólans í Garðabæ áberandi betri en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild. Þessi munur kemur ekki fram í fyrri mælingum, frá 2000 til 2006. Þessi sterka staða í Garðabæ er svipuð og staða Finnlands hefur verið í samanburði við hin Norðurlöndin undanfarinn áratug. Reyndar er dreifing á lesskilningsfærni í Garðabæ nánast sú sama og í Finnlandi, með afar líkt hlutfall nemenda á hverju hæfnisþrepi. Áberandi er sterk staða stúlkna í Garðabæ en lesskilningur þeirra er langtum betri en stúlkna almennt í sambærilegum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og á hinum Norðurlöndunum.

Stærðfræðilæsi bæði drengja og stúlkna í Garðabæ er mun meira en almennt á landsvísu og miðað við sambærileg sveitarfélög á Norðurlöndum að Finnlandi meðtöldu og hefur verið nánast óbreytt undanfarinn áratug. Það er í raun á heimsmeilikvarða. Hlutfall nemenda með afburðalæsi á stærðfræði er hærra í Garðabæ en gerist í sveitarfélögum af sambærilegri stærð á öllum Norðurlöndunum og hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarkslæsi á stærðfræði samkvæmt viðmiðum OECD er aðeins 7% sem er langt undir því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er í raun einstakur árangur á heimsvísu, aðeins eitt land hefur í heild lægra hlutfall samkvæmt skýrslu OECD um PISA 2012 og það er borgríkið Sjanghai sem hefur langbestu stöðu stærðfræðilæsis af öllum 65 þátttökulöndunum.

Náttúrufræðilæsi eykst í Garðabæ frá 2006 til 2012 um rúmlega 20 stig eða sem nemur hálfu skólaári og er 2012 verulega fyrir ofan hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélög í Danmörku, Noregi og Svíþjóð af sambærilegri stærð. Hlutfall nemenda með læsi á náttúrufræði undir hæfnisþrepi 2 er á höfuðborgarsvæðinu minnst í Garðabæ (níundi hver) og þar er einnig áberandi hærra hlutfall nemenda með afburðalæsi á náttúrufræði (tíundi hver) en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Það er þó mun minna en í sambærilegum sveitarfélögum í Finnlandi (sjötti hver). Í Garðabæ er tvöfalt hærra hlutfall drengja en stúlkna með áberandi slakt náttúrufræðilæsi, þ.e. undir hæfnisþrepi 2, sem er óvenjulegt miðað við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Trú á eigin getu í stærðfræði er sérstaklega sterk í Garðabæ miðað við sambærileg sveitarfélög á Norðurlöndum. Það kemur þó ekki á óvart þar sem stærðfræðilæsi þeirra er raunverulega áberandi betra. Áhugi nemenda á stærðfræði hefur einnig aukist gríðarlega í Garðabæ og sjálfsmynd í stærðfræðinámi styrkst og hvoru tveggja er langtum meira en í öðrum sveitarfélögum.

Jákvæðar vísbendingar eru um heilsu nemenda í Garðabæ. Þar er ávaxta- og grænmetisneysla hjá unglingum töluvert meiri en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, landinu í heild og á Norðurlöndunum almennt. Sjónvarpsáhorf er sérstaklega lítið í Garðabæ, aðeins þriðji hver 15 ára unglingur horfir á sjónvarp í a.m.k. 2 tíma á dag. Mun neikvæðari niðurstöður koma fram um líðan en hlutfall unglinga sem finna oft fyrir depurð er mest í Garðabæ af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig kemur fram að slagsmál meðal unglinga eru algengari í Garðabæ en almennt annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Áberandi meira er um einelti á yngri stigum (6.-8. bekk) í Garðabæ miðað við hin sveitarfélögin og landið í heild, en það dregur mikið úr því hjá eldri nemendum (í 10. bekk). Greinilegt er að skólamenning á unglingastigi í Garðabæ einkennist af miklu minna einelti en gerist á miðstigi þar sem einelti er áberandi hátt.

Viðhorf nemenda í Garðabæ til skóla hefur batnað sérstaklega mikið á undanförunum áratug. Gríðarlega jákvæð þróun er í samsömun nemenda við nemendahópinn í skólanum í Garðabæ og er hún langtum betri en almennt gerist á hinum Norðurlöndunum og innan OECD landanna almennt.

Á höfuðborgarsvæðinu er töluvert minni hvatning kennara til lestrar en í samanburðarlöndunum, minna um lestur bókmennta, lestur á ósamfelldum texta, minna efni almenns eðlis og minni túlkun á bókmenntatexta. Garðabær sker sig þó úr en þar er lestrarþjálfun að þessu leyti álíka og gerist almennt á Norðurlöndunum. Í Garðabæ er einnig mun meira um lestur bókmennta, meiri en t.d. í Svíþjóð og Finnlandi.

Hafnarfjörður

Læsi og lesskilningur kemur lakar út í Hafnarfirði en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu undanfarinn áratug samkvæmt PISA rannsókninni. Meðallesskilningur í Hafnarfirði er almennt töluvert minni ár hvert frá 2000 til 2012 sem nemur milli 12 og 35 PISA stigum. OECD hefur gefið út viðmið um að á einu skólaári hækki lesskilningur um 45 stig. Það má því segja að lesskilningur í Hafnarfirði sé lægri en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem nemur u.þ.b. hálfu skólaári. Meðallesskilningur sveiflast mikið milli ára en staðan er þó nánast sú sama árin 2003 og 2012 og fylgir þróunin nákvæmlega sama mynstri og í Reykjavík, nema hvað meðaltalið er lægra. Í Hafnarfirði er lesskilningur drengja einna verstur en þriðjungur drengja hefur mjög slakan lesskilning og aðeins 1% drengja og 4% stúlkna með afburðarlesskilning sem er margfalt lægra hlutfall en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Stærðfræðilæsi í Hafnarfirði kemur áberandi verr út hjá báðum kynjum og hlutfall nemenda með afburðalæsi á stærðfræði er 9% sem er lægra en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu en líkt því sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum í Svíþjóð. Útkoma í læsi á náttúrufræði sveiflast milli ára frá 2006 en árið 2012 er það áberandi lakara en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og í sambærilegum sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum.

Viðhorf til náms og námsvenjur virðist svipað í Hafnarfirði og almennt á höfuðborgarsvæðinu og hafa ekki breyst mikið á undanförunum áratug. Það er sérstaklega áberandi að í Hafnarfirði er tölvunotkun í skólum hverfandi miðað við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Þessi sérstaða Hafnarfjarðar er mjög áberandi sérstaklega í ljósi þess að tölvunotkun hafnfiskra nemenda til afþreyingar utan skóla er sambærileg og í hinum sveitarfélögunum og á hinum Norðurlöndunum.

Líðan, félagstengsl, heilsa og mataræði nemenda í Hafnarfirði er ekki ýkja frábrugðin því sem almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu. Það sama á við um áhættuhegðun og lífstíl almennt. Þó er áberandi í Hafnarfirði að

Það fækkar mest í hópi þolenda eineltis milli miðstigs og unglingastigs, úr 9% í 3% sem er mjög mikil fækkun miðað við höfuðborgarsvæðið almennt. Í Hafnarfirði eru allir grunnskólar með bæði stigin og bendir þessi áberandi fækkun til þess að forvarnastarf meðal unglinga skili þar mun betri árangri en forvarnastarf á miðstigi. Skólabragur er áberandi jákvæðari á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. í Hafnarfirði, en í sambærilegum sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum og einnig miðað við OECD í heild. Á höfuðborgarsvæðinu er viðhorf nemenda til skóla þó áberandi neikvæðast í Hafnarfirði og agi í tímum mun minni. Kennsluhættir í Hafnarfirði eru almennt ekki frábrugðnir því sem almennt gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Seltjarnarnes

Á Seltjarnarnesi hefur útkoma varðandi lesskilning verið mjög stöðug frá 2003 til 2012, rétt við meðaltal OECD. Þessi þróun er svipuð og í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku og Noregi. Hlutfall nemenda með afburðalesskilning á Seltjarnarnesi er helmingi lægra en í sambærilegum sveitarfélögum á Norðurlöndum, aðeins einn af hverjum tuttugu og fimm miðað við um ellefta hvern. Á Seltjarnarnesi er einnig hátt hlutfall drengja með mjög slakan lesskilning. Læsi á stærðfræði hefur verið rétt yfir meðaltali sambærilegra sveitarfélaga á Norðurlöndum og meðaltali OECD frá 2006 til 2012. Læsi á náttúrufræði er árið 2012 verulega fyrir neðan meðaltal OECD og hefur verið það frá upphafi mælinga í PISA árið 2006. Aðeins 2% nemenda hefur afburða náttúrufræðilæsi sem er afar lágt miðað við sambærileg sveitarfélög á Norðurlöndum.

Af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er minnstur kynjamunur í lesskilningi á Seltjarnarnesi og Kópavogi árið 2012, álíka og í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku en þar er lang minnsti kynjamunur af Norðurlöndunum. Áberandi er að á Seltjarnarnesi eru helmingi færri drengir en stúlkur með afburða stærðfræðilæsi. Á Seltjarnarnesi er svo kynjamunur í náttúrufræðilæsi á þann veg að enginn drengur telst vera afburðalæsi á náttúrufræði en 6% stúlkna. Trú 15 ára nemenda á eigin getu (e. self-efficacy) í stærðfræði er sérstaklega sterk á Seltjarnarnesi miðað við höfuðborgarsvæðið og hin Norðurlöndin. Undanfarinn áratug hefur dregið mjög úr kvíða fyrir stærðfræði. Sérstaklega má greina jákvæða þróun á viðhorfum nemenda á Seltjarnarnesi til stærðfræði, sem er til marks um jákvæða þróun á skipulagi námsins. Á Seltjarnarnesi meta nemendur stuðning kennara mun meiri heldur en fyrir um áratug Hann var minni en almennt á Norðurlöndunum fyrir áratug en er nú langtum meiri. Niðurstöður HBSC rannsóknarinnar um heilsu, líðan og áhættuhegðun nemenda fyrir Seltjarnarnes eru nokkuð frábrugðnar því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu almennt. Á Seltjarnarnesi er ávaxta- og

grænmetisneysla hjá unglingum töluvert meiri en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, landinu í heild og á Norðurlöndunum almennt. Almennt er mjög lítið um einelti á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum, fyrir utan unglingastigið á Seltjarnarnesi þar sem hlutfall nemenda sem verða fyrir einelti er nær því sem almennt er á heimsvísu eða 11%. Sérstaklega áberandi er lítil tóbaksnotkun á Seltjarnarnesi, aðeins 1% af 13 ára nemendum hafa prófað tóbak á móti 6% á landsvísu og 25% á heimsvísu. Aðeins 13% af 15 ára nemendum á Seltjarnarnesi hefur prófað tóbak á móti 29% á landsvísu og 50% á heimsvísu. Það er stórkostlegur árangur í tóbaksvörnum. Um helmingur ungmenna á höfuðborgarsvæðinu hefur þurft að leita til læknis eða hjúkrunarfræðings vegna meiðsla síðastliðið ár en hlutfallið er sérstaklega hátt á Seltjarnarnesi eða 80% nemenda á miðstigi og 65% nemenda á unglingastigi. Hlutfall 15 ára nemenda á Seltjarnarnesi sem hafa haft samfarir er mun lægra en almennt á höfuðborgarsvæðinu eða fimmti hver miðað við fjórða hvern.

Hérlandis er álíka mikið um beina kennslu og á hinum Norðurlöndunum þar sem kennari leiðir og útskýrir, nemendur eru svipað virkir í náminu og tíðni leiðsagnarmats er sambærileg. Undantekning er Seltjarnarnes en þar einkennast kennsluhættir af meiri beinni kennslu þar sem kennarinn leiðir og útskýrir, meiri virkni nemenda í námi og tíðara leiðsagnarmati. Á Seltjarnarnesi er töluvert meira um hvatningu íslenskukennara til lestrar og mun meira um lestur bókmennta en almennt á höfuðborgarsvæðinu. Eins er gríðarlega jákvæð þróun á samsömun nemenda við nemendahópinn í skólanum á Seltjarnarnesi og er hún langtum betri en almennt gerist á hinum Norðurlöndunum og innan OECD landanna almennt.

Mosfellsbær

Í Mosfellsbæ mældist lesskilningur árið 2000 á við það sem almennt var í sambærilegum sveitarfélögum á Norðurlöndunum en árið 2003 var hann heilu skólaári lakari samkvæmt PISA rannsókninni. Síðan þá hefur lesskilningur í Mosfellsbæ styrkst mikið eða um tæplega 30 PISA stig á meðan hann hefur almennt lækkað á Norðurlöndunum. Árið 2012 er lesskilningur í Mosfellsbæ aftur sá sami og á Norðurlöndunum almennt og reyndar sá sami og í OECD almennt. Í Mosfellsbæ er um helmingi lægra hlutfall nemenda sem ekki getur lesið sér til gagns miðað við Reykjavík, Hafnarfjörð og Seltjarnarnes en svipað og í Garðabæ og Kópavogi. Hlutfallið er líkt því sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum í Finnlandi, Noregi og Danmörku og hlutfall nemenda með afburða lesskilning er á við það sem gerist í Finnlandi. Í Mosfellsbæ og Garðabæ er áberandi hærra hlutfall stúlkna með afburðarlesskilning miðað við það sem almennt gerist í hinum sveitarfélögum (16% í Mosfellsbæ). Útkoma í læsi nemenda í Mosfellsbæ á stærðfræði hefur ekki sveiflast á sama hátt og lesskilningur og hefur verið við meðaltal Norðurlanda og


OECD undanfarinn áratug. Hlutfall nemenda sem teljast vera afburðalæs á stærðfræði í Mosfellsbæ er álíka því sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum í Finnlandi og meira en á hinum Norðurlöndunum. Hlutfall nemenda í Mosfellsbæ sem ekki ná lágmarkslæsi á stærðfræði samkvæmt viðmiðum OECD (þ.e. eru undir þrepi 2) er á við það sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum í Danmörku, um sjöundi hver nemandi. Áberandi er að helmingi færri drengir en stúlkur í Mosfellsbæ teljast hafa afburða stærðfræðilæsi. Náttúrufræðilæsi í Mosfellsbæ mældist lágt árið 2006, um heilu skólaári á eftir því sem almennt gerist í sambærilegum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu en hefur líkt og lesskilningur batnað um sem nemur hálfu skólaári og er árið 2012 nálægt meðaltalinu á Norðurlöndum og innan OECD almennt.

Trú nemenda í Mosfellsbæ á eigin getu í stærðfræði er áberandi minni en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu en svipað og í sambærilegum sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum. Ánægja af lestri mælist einnig minni í Mosfellsbæ. Undanfarinn áratug hefur þó sjálfsmynd í stærðfræði styrkst og mjög hefur dregið úr kvíða fyrir stærðfræði.

Nemendur í Mosfellsbæ telja meiri gagnsemi af tölvu og neti við nám en í hinum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sjálfstraust nemenda í flóknum aðgerðum á tölvu er einnig meira í Mosfellsbæ. Heilsa og líðan nemenda í Mosfellsbæ er á við það sem gerist í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Tannhirða eldri grunnskólanemenda er reyndar sérstaklega slæm miðað við hin sveitarfélögin, rúmlega annar hver nemandi burstar oftast en einu sinni á dag en annars staðar á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið tveir af hverjum þremur. Einnig er heldur mikið um slagsmál á unglingastigi og eykst það frá miðstigi sem er mjög óvenjulegt. Tóbaksnotkun á unglingastiginu er áberandi mikil miðað við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og hærra hlutfall hefur prófað kannabís efni. Á höfuðborgarsvæðinu dregur almennt úr einelti milli mið- og unglingastigs en óvenjulegt er í Mosfellsbæ að meira er um einelti meðal eldri nemenda en yngri nemenda. Eineltisvandinn á unglingastigi einkennist sérstaklega af fjölmönnum gerendahópum en fáum þolendum. Jákvæður skólabragur einkennir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. Mosfellsbæ, og samanburðurinn við sambærileg sveitarfélög á Norðurlöndunum dregur upp mynd af fyrirmyndarskólum. Gríðarlega jákvæð þróun er í samsömun nemenda við nemendahópinn í skólanum í Mosfellsbæ og er hún langtum jákvæðari en almennt gerist á hinum Norðurlöndunum og innan OECD landanna almennt. Nemendur í Mosfellsbæ leysa áberandi meira af hreinum stærðfræðiverkefnum en í sambærilegum sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum.

Gæði framhaldsskólastarfs í alþjóðlegum samanburði

Rannsóknir og greining unnu greiningu fyrir SSH á gæðum framhaldsskólastarfs á höfuðborgarsvæðinu í alþjóðlegum samanburði út frá fyrirliggjandi gögnum. Rétt er að setja þann fyrirvara að takmörkuð gögn liggja fyrir um gæði framhaldsskólastarfs á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Helstu niðurstöður samantektar Rannsóknar og greiningar eru þær að mat á gæðum íslenskra framhaldsskóla út frá sýn nemenda á árangur, líðan og væntingar þeirra, leiðir almennt í ljós jákvæðar niðurstöður fyrir framhaldsskólana. Þannig telja 97% nemenda skólanámið vera fremur eða mjög mikilvægt og um tveir þriðju hlutar nemenda telja kennsluhætti í náminu vera fjölbreytta. Nemendur telja almennt að þeir hafi greiðan aðgang að námsráðgjöf í skólanum. Þá metur mikill meirihluti nemenda líkamlega og andlega heilsu sína mjög góða eða frekar góða, eða hátt í 80%.




Mynd 7. Hversu mikilvægt finnst þér skólanámið vera? Hlutfall nemenda í framhaldsskólum á Íslandi árið 2010 sem svara: Fremur eða mjög mikilvægt.

Í flestum tilvikum er lítinn mun hægt að greina á nemendum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við nemendur utan þess. Þó eru nemendur á höfuðborgarsvæðinu hlutfallslega oftar mjög sammála því að gerðar séu miklar kröfur til þeirra í náminu á meðan nemendur utan höfuðborgarsvæðisins telja frekar að námið sé auðveldara en þeir áttu von á.

Nemendur á höfuðborgarsvæði eru að sama skapi líklegri til að segjast hafa fengið háar einkunnir á samræmdum prófum við lok grunnskóla og sá munur kemur fram í öllum fögum. Þá eru nemendur á höfuðborgarsvæði líklegri til að ætla í nám á háskólastigi á Íslandi eða erlendis en nemendur utan höfuðborgarsvæðis eru líklegri til að ætla að hefja vinnu strax að loknu framhaldsskólanámi.

Vert er að benda á, líkt og fram kemur í myndum fyrir alla skóla höfuðborgarsvæðis og utan þess, að veruleg dreifing er á svörum eftir skólum. Þá er rétt að hafa í huga, líkt og fjallað er um annars staðar í skýrslunni, að ástæður að baki árangurs og líðanar í skóla eiga sér oft skýringar sem rekja má til þátta sem liggja utan skólans. Þegar rýnt er í niðurstöður úr grunnskólarannsókninni frá 2012 kemur í ljós sambærilegur munur á námsárangri nemenda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, þar sem nemendur á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að hafa fengið háar einkunnir yfir veturinn. Þá kemur fram munur á væntingum nemenda til framtíðarinnar, þar sem grunnskólanemar á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til að ætla sér að fara í bóknám að loknu grunnskólanámi en nemendur utan höfuðborgarsvæðisins eru líklegri til að ætla sér að fara í iðnnám eða verknám.

Íslenskir framhaldsskólanemendur koma að flestu leyti vel út í samanburði við jafningja þeirra á hinum Norðurlöndunum ef tekið er mið af Norrænu æskulýðsrannsókninni frá 2009 þar sem birt voru viðhorf 16-19 ára nemenda í framhaldsskólum á Norðurlöndum. Eitt vekur þó athygli, en það er hve hátt hlutfall íslenskra framhaldsskólanema telur að skortur á lestrarkunnáttu háí þeim í námi. Þessar niðurstöður koma heim og saman við niðurstöður sem birtar eru í skýrslunni *Skólar í fremstu röð: Mat á yfirfærslu framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga*. Í viðtölum sem tekin voru við vinnslu þeirrar skýrslu komu skýrt fram áhyggjur af skorti á lestrarfærni og stærðfræðipokkingu íslenskra framhaldsskólanema. Þetta er eitthvað sem huga þarf að sérstaklega og þá alveg frá upphafi grunnskóla. Veruleg fylgni er á milli lestrarfærni og námsárangurs í öðrum fögum en lestri. Hafi nemendur, þegar grunnskóla lýkur, ekki tileinkað sér lesfærni sem gerir þeim kleift að lesa mikið efni á skömmum tíma, er útilokað fyrir þá að ætla að ná árangri í framhaldsskólum. Það á einnig við um stærðfræði, en veruleg fylgni er á milli árangurs nemenda í lestri og stærðfræði.



Mynd 8. Áhrif lítils leshraða á frammistöðu framhaldsskólanema.⁷³

Að öðru leyti eru niðurstöðurnar jákvæðar fyrir Ísland. Þannig hafa íslenskir nemendur fremur en aðrir væntingar um að halda áfram í langskólanám, þótt þeir svari því einnig oftar til en aðrir að þeir hyggist taka hlé að loknu námi. Þá svara íslenskir framhaldsskólanemendur því sjaldnast til að þeim finnist námið tilgangslaust og næst sjaldnast að þeim leiðist námið.

Íslenskir nemendur skynja yfirleitt mikilvægi náms, telja auðvelt að fá ráðgjöf í skólanum og hafa skýrari væntingar um framhaldsnám en jafningjar þeirra á öðrum Norðurlöndum. Vert er þó að hafa áhyggjur af lestrarfærni nemenda, með tilliti til áhættunnar á brotthvarfi úr skóla.

⁷³ Hlutfall þeirra sem svara: Mikið/mjög mikið. Rannsóknir og greining, 2013, bls. 48.

Heimildaskrá

Almar Halldórsson og Kristján K. Stefánsson (2013) *Árangur og einkenni grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu í alþjóðlegu samhengi*. Skýrsla unnin fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík: Vísar rannsóknir ehf.

Desforges, C. og A. Abouchaar (2003). *The Impact of Parental Involvement, Parental Support and Family Education on Pupil Achievements and Adjustment: A Literature Review* (Research Report RR 433). Nottingham: Department for Education and Skills.

Eyjólfur Sigurðsson (2011). *Ævitekjur og arðsemi menntunar*, Reykjavík: Bandalag háskólamanna.

Hrönn Pétursdóttir (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Nefnd um samþættingu menntunar og atvinnu (2012). *Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi*, Reykjavík: Forsætisráðuneyti.

Gerður G. Óskarsdóttir (2012). *Skil skólastiga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún Þórunna Jónsdóttir og Jóhanna T. Einarsdóttir (2013). *Viðbrögð leikskólakennara við HLJÓM-2 í leikskólum Árnæssýslu og samvinna við foreldra og grunnskóla*. Uppeldi og menntun, 22(1):31-52.

Hafsteinn Karlsson (2007). *Kennsluhættir í íslenskum og finnskum grunnskólum*. Óbirt M.Ed-ritgerð, Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, uppleidis – og menntunarfræði.

Hargreaves A. & Fullan M. (2012). *Professional Capital*, London: Routledge.

Hattie, J. (2009). *Visible Learning*, London: Routledge.

Jóhanna T. Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir (2011). *Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málþroska-frá leikskólaaldri til fullorðinsára*. Netla, veftímarit um uppleidis og menntun. Birt 20. desember 2011. Vefslóð: <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>

Kennarasamband Íslands (2014). *Umsögn um skýrsluna Gæði skólastarfs í alþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Höfundur.

Kristín Jónsdóttir (2005). *Er unglingakennslan einstaklingsmiðuð? Rannsókn á kennsluháttum og viðhorfum kennara á unglingastigi grunnskóla í Reykjavík*. Uppeldi og menntun, 14(2).

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um grunnskóla nr. 66/1995

Lög um leikskóla nr. 90/2008, lög um leikskóla nr. 78/1994 og lög um leikskóla nr. 48/1991.

McKinsey & Company (2007). *How the World's Best-Performing School Systems Come Out on Top.*

McKinsey & Company (2010). *How the World's Most Improved School Systems Keep Getting Better.*

Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla.* Reykjavík:Höfundur.

Menntasvið Reykjavíkurborgar (2008). *Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar.* Reykjavík:Höfundur.

Nanna Kristín Christiansen (2014). *Foreldrar og grunnskólinn, minnisblað.* Reykjavík: Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

OECD (2013), *Education at a Glance 2013: OECD Indicators*, OECD Publishing.

OECD (2011), *Education at a Glance 2011: OECD Indicators*, OECD Publishing.

OECD (2012). *Research brief: Parental and Community Engagement Matters, Encouraging Quality in Early Childhood Education and Care (ECEC).* Starting Strong III Toolbox. OECD Publishing.

Rannsóknir og greining, Háskólinn í Reykjavík (2013). *Árangur, líðan og væntingar nemenda í innlendum og erlendum samanburði.* Skýrsla unnin fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík:Höfundur.

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Ísland (2013). *Tillögur verkefnastjórnar.* Reykjavík:Forsætisráðuneyti.

Elsa Eiríksdóttir (2012). *Raunvísinda- og tæknimenntun: Staða íslenskra nemenda og framtíðarþörf samfélagsins.* Reykjavík: Samtök iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, 1944.